

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 1379 – 781. mál.

Skýrsla

**Sigurðar Inga Jóhannssonar, samstarfsráðherra Norðurlanda, um störf Norrænu
ráðherranefndarinnar 2020**

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Forsætisráðherrar Norðurlanda	5
Samstarfsráðherrar Norðurlanda	5
Fiskveiðar, fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt.....	9
Atvinnu- og orkumál.....	10
Byggðamál	13
Stafræn væðing	15
Umhverfis- og loftslagsmál.....	16
Menntamál og rannsóknir	18
Menningarmál	19
Félags- og heilbrigðismál.....	21
Jafnréttismál og málefni hinsegin fólks	27
Vinumál.....	29
Löggjafarsamstarf	31
Efnahags- og fjármál.....	32
Fylgiskjal I.	33
Fylgiskjal II.....	35

Inngangur

Í þessari skýrslu gerir samstarfsráðherra Norðurlanda, Sigurður Ingi Jóhannsson, grein fyrir því helsta sem unnið var á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2020.

Á tímum yfirstandandi heimsfaraldurs hefur komið glögglega í ljós að gildi norræns samstarfs er ótvírætt. Alþjóðasamstarf er mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr og við þessar aðstæður hefur vægi norrænnar samvinnu aukist. Það er skiljanlegt að mörg ríki hafi brugðist við þessum vágesti út frá eigin hagsmunum, en þróun mála í einstökum löndum hefur þó vissulega haft áhrif út fyrir þeirra eigin landamæri. Mikilvægt er á tímum sem þessum að efla allt samtal og aðra samvinnu tengda heimsfaraldrinum. Það hefur sýnt sig að þegar kemur að heilsu þjóða eru fá ríki sjálfbær um búnað og aðföng sem nauðsynleg eru í baráttunni við COVID-19. Aukin samvinna Norðurlandanna er því ekki bara mikilvæg til að efla viðskipti og koma í veg fyrir stjórnsýsluhindranir milli landanna, heldur skiptir hún líka máli fyrir íbúa þeirra. Samvinnan skapar traust og hefur verið afgerandi í viðbrögðum við núverandi ástandi, hvort sem um ræðir aðstoð við einstaka ríkisborgara eða við að vernda þjóðir okkar sem heild.

Óhætt er að segja að heimsfaraldurinn hafi komið við daglegt líf okkar allra og á eflaust eftir að skilja eftir sig varanleg spor í öllu okkar lífi og hegðun. Það sést greinilega þegar litið er um öxl og farið yfir starf Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2020. Áhrif faraldursins hafa komið fram með einum eða öðrum hætti í störfum allra embættismannanefnda. Í stað hefðbundinna fundahalda hafa t.a.m. verið haldnir fjarfundir í langflestum tilvikum, og það sama á við um flesta norræna ráðherrafundi frá því í byrjun mars 2020. Með þessum hætti hefur verið mögulegt að keyra starfið áfram.

Danir, auk Grænlandinga og Færeyinga, leiddu störf Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu. Undir formennsku þeirra var lögð áhersla á að hrinda í framkvæmd framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar: Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030, og er yfirskrift Dana „Samtaka um framtíðarlausnir“.

Þrátt fyrir að Norðurlöndin hafi nú tekist á við tvö gríðarstór verkefni á undanförunum árum (flóttamannavandinn 2015 og nú COVID-19), hefur komið í ljós að þau eiga enn margt ólært. Mikilvægt er að þjóðirnar standi þétt saman, í ljósi þess hve margt þær eiga sameiginlegt og þess lærdóms sem unnt er að draga af viðbrögðum þeirra við ófyrirséðum verkefnum sem Norðurlöndin kunna að standa frammi fyrir í sameiningu.

Á árinu kom upp urmull hindrana sem tengdust för fólks milli Norðurlandanna vegna mismunandi lokunarskilyrða á landmærum og helguðust af ólíkri nálgun landanna hvað varðar viðbrögð við COVID-19. Óvíst er um áhrif COVID-19 á samstarf Norðurlandanna þegar til lengri tíma er litið, en ef ekki er vel að gáð gæti farið svo að faraldurinn hægði á hreyfanleika milli landanna, þvert á það sem unnið er að. Til að sporna gegn slíkri þróun er mikilvægt að leggja enn meira upp úr samþættingu landanna, eins og fram kemur í framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar til ársins 2030. Það er þó jákvætt að faraldurinn hefur sett löndin í þá stöðu að vinna og standa þétt saman til að komast upp úr þessum öldudal.

Í aðgerðaáætlun ráðherranefndarinnar um fjárveitingar á tímabilinu 2021-2024, sem samþykkt var á árinu 2020, er gert ráð fyrir fjármunum í þverlægar aðgerðir til að bregðast við COVID-19. Hefur þessi aðgerðaáætlun verið unnin í samræmi við þá framtíðarsýn sem samþykkt var undir formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, um að „Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030“, og markmið um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd sett í forgang. Með þessu er tekið upp nýtt

verklag þar sem nú í fyrsta sinn er lagður fram fjárveitingarammi til fjögurra ára samhliða mælanlegum markmiðum.

Þegar vinnan við þessa framtíðarsýn hófst var strax ákveðið að ekki yrði aðeins um fögur fyrirheit að ræða, heldur breyttar áherslur sem endurspegluðust í tilfærslu fjármuna, þ.e. að breytingar yrðu gerðar á fjárhagsramma einstakra fagráðherra nefnda og forgangsraða þyrfti fjármunum yfir til verkefna á sviði loftslagsmála og sjálfbærni. Því er gert ráð fyrir að á næstu fjórum árum, þ.e.a.s. 2021-2024, muni allt að 1/6 hluti fjármagns Norrænu ráðherra nefndarinnar færast til og fjármagna ný verkefni sem styðja við framtíðarsýnina um sjálfbær og samþætt Norðurlönd. Tilfærslan mun eiga sér stað í nokkrum skrefum á þessu fjögurra ára tímabili en fagráðherra nefndirnar ákvarða síðan hvernig minni fjárveitingum er mætt.

Fjármagnið mun í grófum dráttum færast frá ráðherra nefndum samstarfsráðherra menningar- og menntamála og rannsókna yfir til ráðherra nefnda um umhverfis- og loftslagsmál, fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt og sjálfbæran hagvöxt. Eftir sem áður verður hlutur ráðherra nefndanna um menningar- og menntamál og rannsóknir stærstur.

Góð framvinda hefur orðið í formennskuverkefnum Íslands sem sett voru af stað á formennskuárinu 2019, eins og rakið er nánar í skýrslunni sem hér liggur fyrir. Í þeim verkefnum er lögð áhersla á málefni ungs fólks, sjálfbæra ferðaþjónustu í norðri og hafið.

Ísland veitir Norrænu ráðherra nefndinni formennsku fimmta hvert ár, nú síðast árið 2019. Samkvæmt þeirri áætlun var gert ráð fyrir að formennska nefndarinnar kæmi aftur í hlut Íslands árið 2024. Á árinu barst hins vegar beiðni frá sænskum stjórnvöldum um að Ísland og Svíþjóð skiptu með sér árum, þannig að Ísland yrði ári fyrr í formennsku (2023) og Svíþjóð ári síðar (2024) en áætlað var. Ástæðan er m.a. sú að Svíar sjá fram á miklar annir á árinu 2023 en það ár gegnir Svíþjóð formennsku í ráðherraráði ESB. Íslensk stjórnvöld samþykktu að verða við þessari beiðni Svía og kemur það því í hlut Íslands að gegna formennsku í Norrænu ráðherra nefndinni árið 2023.

Á þessum fordæmalausu tímum hefur norrænt samstarf sannað gildi sitt. Það er mikilvægt að Norðurlöndin haldi áfram að efla og þróa það sín á milli, með grunnildi um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið að leiðarljósi, og standi jafnframt vörð um þessi sömu gildi á vettvangi alþjóðasamfélagsins.

Í þessari skýrslu má lesa um nokkuð af því sem hæst bar á árinu og þann ávinning sem náðst hefur í norrænu samstarfi. Ekki er þó um tæmandi upptalningu að ræða, enda samstarfið yfirgripsmikið og fjölbreytt. Það er ekki annað hægt en að gleðjast yfir þeim árangri sem náðst hefur í Norðurlandasamstarfinu á árinu og sem mun án efa styrkja það til framtíðar.

Forsætisráðherrar Norðurlanda

Öll hefðbundin dagskrá riðlaðist á árinu, en venju samkvæmt hittast norrænu leiðtogarnir tvisvar á ári, annars vegar á óformlegum sumarfundi og hins vegar í tengslum við Norðurlandaráðsþing. Í ljósi þess að ekki yrði hægt að bjóða til hefðbundins sumarfundar í Danmörku, bauð danska formennskan í Norrænu ráðherranefndinni til fjarfundar norrænna leiðtoga þann 25. júní þar sem rætt var um stöðu mála innan Norðurlandanna í tengslum við COVID-19, afleiðingar af útbreiðslu smita, hvaða aðgerðir stjórnvöld hefðu gripið til og möguleika aukins norræns samstarfs í baráttunni gegn faraldrinum. Meðal þess sem rætt var á fundinum var sú hugmynd að styrkja samstarf Norðurlanda varðandi öryggi birgða og viðbúnaðargetu.

Þá átti forsætisráðherra, á tímabilinu mars-apríl, nokkra símafundi með norrænu forsætisráðherrunum hverjum um sig þar sem staða mála vegna COVID-19 var einnig rædd.

Í byrjun júlí tók forsætisráðherra þátt í fundi ásamt Ernu Solberg, forsætisráðherra Noregs, með samtökum norrænna forstjóra, Nordic CEOs for Sustainable Future, þar sem rætt var um eftirfylgni sameiginlegrar yfirlýsingar norrænna forsætisráðherra og samtakanna frá árinu 2019, um að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Markmið samstarfsins er m.a. að styrkja samstarf stjórnvalda og einkageirans á sviði sjálfbærni, efla aðgerðir í loftslags- og jafnréttismálum (heimsmarkmið 5, 12 og 13) og hraða innleiðingu grænna lausna.

Norðurlandaráðsþing, sem átti að halda í Reykjavík í lok október, fór fram á fjarfundaformi að þessu sinni. Norrænir þjóðarleiðtogar funduðu með forsætisnefnd Norðurlandaráðs þar sem Sanna Marin, forsætisráðherra Finnlands, kynnti formennskuáætlun Finna fyrir starf Norrænu ráðherranefndarinnar 2021. Þá tóku forsætisráðherrarnir þátt í umræðu um nýsamþykktu áætlun um samfélagslegt öryggi á Norðurlöndum. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Antonio Guterres, var sérstakur gestur Norðurlandaráðsþings í ár og tók hann þátt í samtali við leiðtoga Norðurlandanna og fulltrúa Norðurlandaráðs um mikilvægi alþjóðlegs samstarfs í viðbrögðunum við heimsfaraldrinum.

Hefðbundinn fundur leiðtoga Norðurlandanna fór einnig fram á fjarfundaformi í tengslum við Norðurlandaráðsþing. Á fundinum ræddu leiðtogarnir um mikilvægi fjárfestinga til þess að hraða grænni umbreytingu og þjóna loftslagsmarkmiðum Parísarsáttmálans og samþykktu leiðtogarnir sameiginlega yfirlýsingu í því samhengi. Einnig var rætt með hvaða hætti mætti auka samstarf Norðurlandanna í viðureigninni við vírusinn.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda

Samstarfsráðherrar Norðurlanda fara með ábyrgð norræna ríkisstjórnarsamstarfsins fyrir hönd forsætisráðherra hvers lands. Samstarfið fer fram innan Norrænu ráðherranefndarinnar, sem er samstarfsvettvangur ríkisstjórnanna. Norrænt samstarf á sér langa sögu og miðar að því að mynda virðisauka fyrir einstök lönd og íbúa þeirra með styrkri stoð í sameiginlegum gildum á borð við traust, gagnsæi og jafnrétti.

Þrátt fyrir þann skugga sem lagðist yfir heimsbyggðina í kjölfar heimsfaraldursins, og Norðurlöndin fóru ekki varhluta af á árinu, var mikið um að vera hjá Norrænu ráðherranefndinni. Danmörk, Færeyjar og Grænland tóku við formennsku í ráðherranefndinni af Íslandi í upphafi árs og lögðu m.a. áherslu á að efla samkennd og samstarf innan Norðurlanda og auka sameiginleg tækifæri á svæðinu.

Á árinu kom vel í ljós hversu náð norrænt samstarf er og að það skilar mikilvægum árangri þegar á reynir. Áfram var unnið að stefnumótun og framkvæmdaráætlun fyrir framtíðarsýn norræns samstarfs um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims á árunum fram til 2030, sem samþykkt var í formennsku Íslands 2019.

Á fundi norrænu samstarfsráðherranna í upphafi árs voru markmið næstu ára staðfest. Lögð var áhersla á að vægi grænna lausna yrði stóraukið í norrænu samstarfi með því að stuðla að og rannsaka kolefnishlutleysi, styðja við hringrásar- og lífhagkerfi og tryggja líffræðilegan fjölbreytileika. Auk þess að leggja áherslu á aukið samráð milli landanna lögðu ráðherrarnir áherslu á, bæði á vettvangi stjórnmálanna og við Norðurlandaráð, mikilvægi þess að hafa borgara landanna með í ráðum, og þá sérstaklega ungt fólk, til að færa upplifun af árangri og tengingu við norrænt samstarf nær hinum almenna borgara.

Umræður um heimsfaraldurinn voru eðli málsins samkvæmt fyrirferðarmiklar á fundum samstarfsráðherranna, þar sem fjallað var um áhrif faraldursins á Norðurlönd og norrænt samstarf. Einnig mæddi mikið á Norræna stjórnsýsluhindranaráðinu, en ráðið hefur það verkefni með höndum að greiða götu hreyfanleika milli Norðurlandanna, en faraldurinn hefur haft í för með sér talsverðar hindranir á landamærum. Ekki síst á það við um landamærasvæði Norðurlandanna en jafnt fólk og fyrirtæki á þessum svæðum hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum af völdum landamæralokana auk mismunandi ferðatakmarkana milli landanna.

Á fjárfundi samstarfsráðherra Norðurlanda, sem haldinn var í mars, var rætt hvernig nýta mætti styrkleika norræns samstarfs til að mæta þeirri óvissu og áskorunum sem heimurinn tekst nú á við vegna faraldursins. Eins var lögð áhersla á mikilvægi þéttrar samvinnu og upplýsingamiðlunar og hve brýnt væri að finna lausnir og bregðast skjótt við til að minnka áhrif faraldursins á efnahagslífið og auka þjónustu við ríkisborgara Norðurlandanna.

Til að mæta áhrifum heimsfaraldursins tóku samstarfsráðherrar Norðurlanda ákvörðun á aukafundi sínum í apríl um að fjármagna ákveðnar aðgerðir í fjárhagsáætlunum Norrænu ráðherranefndarinnar árin 2020 og 2021. Markmiðið væri að auka skilvirka miðlun þekkingar og reynslu og beina þannig stuðningi að þeim sviðum sem hann kæmi að bestum notum. Draga þyrfti lærdóm af viðbrögðum Norðurlandanna svo löndin yrðu betur undirbúin fyrir sambærileg áföll í framtíðinni. Ráðherrarnir voru sammála um að best yrði unnið að þessu með því að byggja á þeirri framtíðarsýn sem samþykkt hefði verið. Sú framtíðarsýn ætti áfram að vera leidarljós norræns samstarfs, en með aukinni áherslu á samstarf á sviði heilbrigðismála, sérstaklega þegar kemur að afleiðingum faraldursins. Markmiðið sé að byggja samfélög Norðurlanda upp á grænan og sjálfbæran hátt eftir faraldurinn, og gera löndin betur í stakk búin til að finna lausnir á sviðum sem hafa bein áhrif á líf Norðurlandabúa og að efla enn frekar norrænt samstarf eftir að faraldurinn linnir.

Á reglulegum júní-fundi sínum, sem átti að fara fram í Færeyjum en haldinn var rafrænt að þessu sinni, fjölluðu samstarfsráðherrar Norðurlanda um framkvæmdaáætlun á grunni framtíðarsýnar norræns samstarfs fyrir tímabilið 2021-2024, um að gera Norðurlöndin að sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Voru ráðherrarnir sammála um að leggja sérstaka áherslu á jafnrétti og réttindi barna auk þess að sérstakt tillit yrði tekið til sjónarmiða ungmenna í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar þegar kæmi að því að efla vinnu við sjálfbæra þróun. Drög að fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árið 2021 var einnig rædd á fundinum og lögð áhersla á að hún myndi endurspeglar að fullu áhersluatriði framtíðarsýnarinnar og tillögu að framkvæmdaáætlun. Áframhaldandi umræða var um áhrif heimsfaraldursins á Norðurlöndin og fengu ráðherrarnir skýrslu um þau vandamál sem íbúar Norðurlandanna hafa glímt við í tengslum við hann, og þá sérstaklega íbúar á landamærasvæðum vegna takmarkana sem settar voru á ferðir fólks og starfsemi fyrirtækja.

Mikilvægt er að sú óvissa og gremja sem þessar hindranir orsökuðu hjá fólki, sér í lagi á landamærasvæðum, verði ekki til að skaða samstarfið.

Framkvæmdaáætlun framtíðarsýnar 2030 fyrir árin 2021-2024 var svo samþykkt á fundi samstarfsráðherra þann 10. september. Við gerð áætlunarinnar var tekið mið af tillögum frá öllum fagráðherranefndunum, auk þess sem hún var unnin í samráði við Norðurlandaráð og ýmsar norrænar stofnanir. Þá hefur almenningur, þar með talið ungt fólk, komið að þessu ferli í ríkari mæli en áður. Áætlunin beinir samstarfinu nú meira inn á loftslagsvænni og sjálfbærnimiðaðri brautir. Þá hefur heimsfaraldurinn einnig sýnt fram á þau tækifæri sem felast í stafvæðingu, m.a. á sviði rannsókna og menntunar, sem og nýsköpunar á heilbrigðissviði. Einnig geta stafrænar lausnir hjálpað til við að auðvelda frjálsta för fólks innan Norðurlanda, sem er einn hornsteina norræns samstarf. Þessar breytingar á áherslum og forgangsröðun verkefna hafa í för með sér áhrif á fjárhagsáætlanir annarra sviða, t.a.m. svið menningar- og menntamála, sem verður þó áfram einn mikilvægasti þáttur norræns samstarfs og menningarstofnanir okkar munu áfram spila sitt leiðandi hlutverk í miðlun norrænnar menningar og lista fyrir jafnt unga sem aldna.

Þó framkvæmdaáætluninni sé ætlað að vera leiðarljósið í norrænni starfsemi næstu fjögur árin er gerð krafa um eftirfylgni. Reynslan af yfirstandandi heimsfaraldri sýnir glögggt að samstarfið þarf að vera sveigjanlegt og geta aðlagð sig að breyttum aðstæðum til að ráða betur við áföll á borð við það sem við nú glíum við.

Í tengslum við óhefðbundna þingviku Norðurlandaráðs í lok október var haldinn fundur samstarfsráðherra Norðurlanda, þar sem áfram var haldið umræðu um fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árið 2021 og framkvæmdaáætlun 2021-2024. Í þessum umræðum lagði samstarfsráðherra áherslu á að fjárlögin og fjárhagsramminn myndi styðja við framtíðarsýn ráðherranefndarinnar 2030. Einnig lýsti samstarfsráðherra eindregnum stuðningi Íslands við áherslu Norðurlandaráðs á nauðsyn þess að koma á fót ráðherranefnd um samgöngumál, til að ná fram markmiðum framtíðarsýnarinnar. Þá flutti samstarfsráðherra, fyrir hönd ráðherranefndarinnar, skýrslu um sjálfbærnimál Norrænu ráðherranefndarinnar. Að lokum funduðu samstarfsráðherrar Norðurlanda með forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Þar gerði samstarfsráðherra Danmerkur grein fyrir starfi ráðherranefndarinnar á árinu og áskorunum í kjölfar heimsfaraldursins. Lagði samstarfsráðherrann áherslu á að leysa þær hindranir sem komið hefðu upp á milli landa og draga lærdóm af afleiðingum faraldursins fyrir samstarfið. Þá funduðu samstarfsráðherrar vestnorrænu ríkjanna, Íslands, Færeyja og Grænlands, með Vestnorræna ráðinu. Þar flutti samstarfsráðherra ávarp fyrir hönd samstarfsráðherra landanna þriggja og undirstrikaði mikilvægi þessa samstarf, jafnt nú á tímum heimsfaraldursins og ekki síður í því uppbyggingarstarfi sem bíður okkar þegar honum linnir.

Síðasti fundur samstarfsráðherra Norðurlanda undir danskri formennsku var haldinn 23. nóvember sl. Þar samþykktu ráðherrarnir fjárhagsáætlunina fyrir árið 2021 og framkvæmdaáætlunina fyrir árin 2021-2024. Lagði samstarfsráðherra áherslu á mikilvægi framkvæmdaáætlunarinnar sem tæki sem nýta mætti í allri vinnu ráðherranefndarinnar við að koma markmiðum framtíðarsýnarinnar í framkvæmd. Eins og á flestum fundum samstarfsráðherra á árinu var á þessum fundi áframhaldið umræðu um heimsfaraldurinn og áhrif hans á samstarfið. Í því sambandi undirstrikaði samstarfsráðherra mikilvægi þess að tryggja aukinn skýrleika og skilning á gildandi reglum til að fækka hindrunum sem verða í vegi þeirra sem ferðast milli Norðurlandanna.

Á árinu tóku samstarfsráðherrar Norðurlanda einnig þátt í stafrænum pallborðsumræðum um COVID-19 kreppuna, sem haldnar voru föstudaginn 27. nóvember og voru liður í

formennsku Danmerkur, Færeyja og Grænlands í Norrænu ráðherranefndinni. Kaj Leo Holm Johannesen, samstarfsráðherra Færeyja, opnaði fundinn en þar var rætt um viðtæk áhrif COVID-19 á Norðurlöndin og samstarf þeirra. Í erindi samstarfsráðherra Íslands var undirstrikað gott samstarf Norðurlandanna á tímum heimsfaraldursins og áhersla lögð á sameiginleg gildi, lýðræði og sjálfbærni, auk virðingar fyrir mannréttindum og mikilvægi þess að standa vörð um þau á tímum sem þessum. Meðal gesta á ráðstefnunni voru dr. Hans Kluge, forstjóri Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) í Evrópu, Pál Weihe, prófessor í lýðheilsufræðum við háskólann í Færeyjum, og Lasse Ilkka, sérfræðingur í finnska heilbrigðisráðuneytinu.

Áfram er lögð áhersla á að þróa alþjóðasamstarfið og búa þannig til tækifæri fyrir norræn fyrirtæki sem hafa hug á að sækja fram á alþjóðamarkaði, ásamt því að kynna þau gildi sem Norðurlöndin standa fyrir á alþjóðavísu.

Alls funduðu samstarfsráðherrar átta sinnum á árinu og voru það allt fjarfundir nema fyrsti fundur ársins undir danski formennsku, en sá fundur var haldinn í Kaupmannahöfn.

Norræna stjórnsluhindranaráðið, sem heyrir undir samstarfsráðherra, vinnur að því að afhjúpa stjórnsluhindranir, koma með tillögur að lausn þeirra, benda á leiðir til að koma í veg fyrir að löggjafarstarfið í löndunum geti af sér nýjar hindranir, auk þess að benda á hvar bæta megi upplýsingaflæði til borgaranna vegna hindrana sem ekki er unnt að leysa. Markmið ráðsins er að afgreiða 8-12 hindranir á ári. Á árinu voru afgreiddar 9 hindranir. Af þeim voru 8 leystar en ein reyndist óleysanleg við núverandi aðstæður. Ekki er unnt að leysa allar hindranir því löggjöf landanna er oft ólík og stundum skortir vilja til að breyta löggjöf eða framkvæmd reglna heima fyrir. Meðal leystra hindrana má nefna að nú verður auðveldara að styðjast við hjálparhunda. Lágmarkstími fyrir einangrun hundanna við innflutning til Íslands verður nú að lágmarki tvær vikur í stað fjögurra. Þá var heimilað að einangrun tiltekinna hjálparhunda fari fram í heimaeinangrun hér á landi. Nokkur fjöldi kórónuveirutengdra vandamála kom upp á árinu, m.a. vegna mismunandi reglna um sóttkví milli landa og för yfir landamæri. Um helmingur þeirra leystist á árinu. Ráðið vann að lausn margra þeirra, m.a. með þrýstingi á stjórnvöld með beinum viðræðum og bréfaskiptum.

Þá hefur sérfræðingahópur um sjálfbæra þróun starfað innan Norrænu ráðherranefndarinnar frá árinu 2007. Sérfræðingahópurinn fékk á árinu endurnýjað umboð og gegnir nú ráðgjafahlutverki gagnvart Norrænu samstarfsnefndinni (NSK) og samstarfsráðherrum Norðurlandanna vegna framkvæmdar og eftirfylgni framtíðarsýnarinnar 2030. Í því felst meðal annars að tryggja að vinnan að framtíðarsýninni stuðli að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og öðrum alþjóðlegum markmiðum Norðurlandanna á sviði sjálfbærrar þróunar. Áhersla er lögð á sjálfbæra neyslu, réttlát græn umskipti og þátttöku borgaralegs samfélags auk barna og ungmenna. Þá hefur sérfræðingahópurinn tekið þátt í vinnu við að uppfæra sjálfbærnimælikvarða Norrænu ráðherranefndarinnar svo þeir mæli framgang framtíðarsýnarinnar.

Fiskveiðar, fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt

Á ráðherrafundi MR-FJLS sem haldinn var í júní snerust umræður að miklu leyti um heimsfaraldur COVID-19 og áhrif hans. Ræddir voru samstarfsmöguleikar landanna í tengslum við heimsfaraldurinn og var áhersla lögð á samstarf og góð samskipti um áskoranir og lausnir. Þá var rætt um mikilvægi þess að efla og styrkja fæðuöryggi á Norðurlöndunum og greina vannýtt tækifæri til þess að binda kolefni í landbúnaði og skógrækt. Á fundinum var einnig rætt hvernig auka megi sjálfbæra próteinframleiðslu á Norðurlöndunum sem og hvernig MR-FJLS geti lagt sitt af mörkunum til að stuðla að hinni nýju sýn um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Á árinu hefur verið unnið að stefnumótun í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árin 2021-2024 á sviði sjávarútvegs, fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar. Stefnumótunin hefur áhrif á markmið og störf hlutaðeigandi embættismannanefnda. Mikilvægur grunnur að þessari stefnumótun er framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar 2030 og um leið sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem mörg hver varða frumframleiðslu og vinnslu matvæla, fæðu- og matvælaöryggi og þar með heilnæmi afurða og neytendavernd. Eins voru áhrif og viðbrögð landanna við faraldrinum mikið til umræðu.

Landbúnaður og skógrækt

Embættismannanefndin um landbúnaðar- og skógræktarmál kom tvisvar saman til fundar á árinu. Venju samkvæmt voru aðilar frá Norrænu erfðaaudlindastofnuninni (NordGen), norrænu nefndinni um landbúnaðarrannsóknir (NKJ) og samstarfsnetinu um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS) á fundinum. Í starfi nefndarinnar var lögð áhersla á framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar 2030 og tillögur að átaksverkefnum sem falla undir þverfaglegt samstarf. Fulltrúi NordGen gerði grein fyrir því starfi sem stofnunin sinnir á sviði rannsókna og þróunar og fulltrúar SNS og NKJ fóru yfir starfsáætlanir sínar fyrir árið 2021.

Matvæli

Í störfum embættismannanefndarinnar var lögð áhersla á að upplýsa um stöðu mála í hverju ríki vegna faraldursins og ekki síst hvaða áhrif mótvægisáðgerðir höfðu á framkvæmd opinbers eftirlits. Samþykkt var að koma á fót óformlegu norrænu tengslaneti til að tryggja samskipti og gott upplýsingaflæði milli Norðurlandanna. Á vegum nefndarinnar starfa þrjár vinnunefndir sem lögðu fram endurskoðuð skipunarbréf ásamt verkefnaáætlun fyrir verkefnahópa sem starfa á þeirra vegum. Þar á meðal er verkefni sem Ísland hafði frumkvæði að á formennskuári sínu 2019 um útgáfu skýrslu um helstu áhættuþætti vegna neyslu matvæla sem unnin eru úr þangi og þara, um leið og aflað væri meiri þekkingar á því hvernig nýta megi og markaðssetja slíkar afurðir. Þá er stefnt að útgáfu leiðbeininga vegna opinbers eftirlits með framleiðslu matvæla úr þeim hráefnum.

Fiskveiðar og fiskeldi

Fyrir hönd norrænu sjávarútvegsráðherranna stóð embættismannanefndin um fiskveiðar og fiskeldi fyrir nokkrum viðburðum á árinu og studdi og hleypti af stokkunum ýmsum samstarfsverkefnum. Í starfi sínu naut nefndin liðveislu norræns vinnuhóps sérfræðinga (AG-Fisk) um fiskveiðar og fiskeldi, eins og venjulegt er. Lögð hefur verið áhersla á að upplýsa um stöðu mála í hverju ríki og þá ekki síst hvaða áhrif mótvægisáðgerðir hafa haft á sjávarútveg- og fiskeldi og hvernig framleiðendur hefðu lagað sig að breyttri eftirspurn á

mörkuðum. Þannig var fyrirhuguð ráðstefna um fiskveiðimál, sem halda átti í Færeyjum, færð til ársins 2021. Á vegum nefndarinnar var meðal annars veittur stuðningur til eftirfarandi verkefna:

- Verkefni um rannsóknir á vistkerfi vegna hitabreytinga á hafsvæðum og rannsóknir á humarstofnum. Verkefnið átti að enda með vinnufundi með fiskifræðingum, útgerðum, sjómönnum o.fl. um veiðarfæri, umhverfisáhrif, ástand stofna o.fl. Fundurinn átti að vera á árinu en honum var frestað um eitt ár vegna COVID-19.
- Verkefni um launakerfi sjómanna á Norðurlöndunum. Verkefnið varðar samkeppnishæfni þar sem launakerfin hafa áhrif á uppbyggingu og fjárfestingu í fiskiskipafлотanum. Miðlun verkefnisins verður á ráðstefnum fyrir stjórnáamenn, stjórnendur, vísindamenn o.fl.
- Verkefni um kortlagningu týndra veiðarfæra, með það að markmiði að koma upp verklagi og rekjanleika sem geta stuðlað að endurvinnslu verkfæranna. Niðurstöður verkefnisins verða kynntar á ráðstefnu og þeim miðlað í gegnum samfélagsmiðla.
- Verkefni um nýja aðferðafræði í verndunarlíffræði og rannsóknir á líffræðilegum fjölbreytileika fiska, smáþörungum og annarra lífvera í sjó og fersku vatni. Umhverfis DNA (environmental DNA, eDNA) er erfðæfni lífvera sem finnst í umhverfinu en flestar lífverur skilja eftir sig slíkt erfðæfni í umhverfinu sem kemur frá dauðum húðfrumum, slími fiska og saur.

Á formennskuárinu 2019 var þremur verkefnum hrint af stað undir áherslunni „Hafið – blár vöxtur í norðri“. Í verkefnum er lögð áhersla á hafnir sem miðstöðvar nýsköpunar og orkuskipta, NordMar Hafnir; á lausnir við þeirri ógn sem plast í höfum er fyrir lífríkið og afkomu okkar, NordMar Plast; og á þá möguleika sem felast í fullnýtingu hráefnis og vinnslu sífellt verðmætari vara úr auðlindum sjávar, NordMar Lífiðjuver. Unnið var að verkefnum með þessum áherslum á árinu og stefnt er á að þeim ljúki 2021/2022 með ráðstefnum og vinnufundum.

Atvinnu- og orkumál

Norrænt samstarf á sviði orkumála (EK-E)

Norræna embættismannanefndin um orkumál (EK-E) hélt fjóra fundi á árinu auk þess sem ráðherrar orkumála hittust á fjarfundi þann 26. maí.

Norræna orkusamstarfið byggist á samstarfsáætlun sem gildir fyrir tímabilið 2018–2021. Hún byggist á niðurstöðum stefnumótandi úttektar á norrænu orkumálasamstarfi og greiningar á sóknarfærum í því samstarfi til næstu 5-10 ára. Hin stefnumótandi úttekt var unnin af Jorma Ollila, fyrrum forstjóra Nokia. Helstu áherslupættir snúa að norræna raforkumarkaðnum, orkunýtni, orkurannsóknum, endurnýjanlegri orku til raforkuframleiðslu og samgangna. Í starfi embættismannanefndarinnar (EK-E) og vinnuhópa hennar er aukin áhersla lögð á áhrif

og samspil Evrópulöggjafar á norrænt orkusamstarf og upplýsingaskipti og samráð um stefnu norrænu landanna í orkumálum.

Meginverkefni embættismannanefndarinnar fyrir orkumál lutu að því að móta verkefni í aðgerðaráætlun 2021-2024 sem fylgja skal eftir framtíðarsýn um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims 2030. Verkefnishugmyndir voru eftirfarandi: endurnýjanleg orka, orkurannsóknir, vindorka á hafi, kolefnisföngun, rafvæðing, norrænt raforkumarkaðssamstarf, vishönnun, orkunýtni, glatvarmi og hringrásarhagkerfi, EU stefnumótun, almenningssátt og orkuskipti í samgöngum. Þessu til viðbótar hefur EK-E yfirumsjón með þverfaglegu verkefni samstarfsráðherranna um orkuskipti. Fulltrúar landanna í EK-E skipta verkefnum á milli sín og eru þannig tengiliðir verkefnanna. Í hlut Íslands féll að tengjast verkefnum um orkuskipti í samgöngum. Fjórir fastir vinnuhópar eru alla jafna starfandi undir hatti embættismannanefndarinnar um orkumál. Þeir eru eftirfarandi: Nordsyn, lætur sig varða verkefni um vishönnun og orkunýtni, EMG, sem fjallar um norræna raforkumarkaðinn, AGFE, sem snýst um endurnýjanlega orkugjafa, og NGCCUS, sem er nýlegur hópur um kolefnisbindingu.

Á ráðherrafundinum í maí settu orkumálaráðherrar fram stefnumótun um endurreisn hagkerfisins eftir COVID-19 heimsfaraldurinn. Ráðherrarnir lögðu áherslu á að orkugeirinn léki lykillhlutverk varðandi græna þróun í kjölfar hans. Þá bentu þeir á að byggja ætti endurreisnaráætlunina á evrópska græna sjálfbærni-verkefninu „Green Deal“ þar sem ein megináherslan er á samþættingu geira, það er hvernig samþætta megi endurnýjanlega orku t.d. í samgöngum, iðnaði og hitun. Ráðherrarnir samþykktu einnig yfirlýsingu um þróun norræna raforkumarkaðarins til framtíðar. Í yfirlýsingunni er meðal annars bent á aukna aðlögun sjálfbærrar orku í öðrum geirum, eins og samgöngum og iðnaði, aukið samstarf um vindorkuframleiðslu á hafi úti í Eystrasalti, náði samstarf um rannsóknir og nýsköpun ásamt gegnsæri nálgun á skipulag og stækkun raforkunetsins á hverjum stað fyrir sig.

Mikil starfsemi fer fram á vettvangi Norræna orkurannsókna (NEF). Töluverð áhersla er á orkuskipti og voru m.a. gefnar út skýrslur um orkuskipti á hafi og í flugi, „Navigating Towards Cleaner Maritime Shipping“ og „Nordic Sustainable Aviation“. Þá er árlega gefin út stöðuskýrsla sem sýnir þróun norrænu ríkjanna í átt að kolefnishlutleysi, „Tracking Nordic Clean Energy Progress 2020“. Í október var settur á laggirnar rannsóknarsjóðurinn „Nordic Maritime Transport and Energy Research Program“ sem Ísland átti þátt í að undirbúa á formennskuári sínu.

Norrænt samstarf á sviði atvinnustefnu (EK-N)

Ráðherrar atvinnumála hittust á tveim rafrænum fundum á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn þann 3. apríl þar sem sérstök umræða var um áhrif COVID-19 heimsfaraldursins á norræna ferðaþjónustu og möguleika á samstarfi landanna á því sviði. Í kjölfarið voru skoðaðar leiðir til frekara norræns samstarfs á sviði ferðaþjónustu að faraldrinum afstöðnum, og var norrænum starfshópi um málefni ferðaþjónustu á Norðurlöndum falið að fylgja málinu eftir.

Á ráðherrafundi þann 1. september var áfram rætt um aðgerðir til að stuðla að sjálfbærum vexti í atvinnulífi í kjölfar COVID-19 faraldursins. Í samræmi við framtíðarsýn norræna samstarfsins um Norðurlöndin sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030, var samþykkt áætlun sem tekur til átta verkefna sem munu koma til framkvæmda á tímabilinu 2021-2024. Fjárframlög til þeirra verkefna nema samtals um 250 milljónum danskra króna og eiga þau að styðja við sjálfbærar lausnir í atvinnulífi, innleiðingu hringrásarhagkerfis og aukna stafræna þróun og nýsköpun á Norðurlöndum. Norrænu nýsköpunarstofnunni (Nordic

Innovation) var falin umsýsla þessara áætlana en auk þess voru skipaðir tengiliðir frá hverju landi fyrir öll átta verkefni.

Á ráðherrafundinum þann 1. september var einnig samþykkt áframhaldandi fjárfesting í Nordic Smart Government (NSG) áætluninni en henni er ætlað að auka samtengingu stafræna kerfa þvert á Norðurlöndin. Unnið verður að samþættingu og einföldun ferla svo auðveldara verði fyrir norræn fyrirtæki að stunda viðskipti innbyrðis, senda tilkynningar til stjórnvalda og þróa stafrænar lausnir með betri og aðgengilegri gögnum. Íslendingar taka virkan þátt í áætluninni með starfshópi á vegum Ríkisskattstjóra, Hagstofunnar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Þá var á ráðherrafundinum kynnt skýrslan „Nordic cooperation on data to boost the development of solutions with artificial intelligence“ um tækifæri þess að nýta opin gögn á norrænum stofnunum til að þróa gervigreindarlausnir og ýta undir stafræna nýsköpun á Norðurlöndum. Í skýrslunni voru settar fram tillögur um notkun opinna gagnasafna og verða þær nýttar í áframhaldandi verkefnavinnu um þróun gervigreindar á Norðurlöndum.

Norræna embættismannanefndin um atvinnustefnu (EK-N) hélt sjö fundi á árinu, þar af fimm fjárfundi. Megináhersla var lögð á stefnumótunavinnu og undirbúning ofangreindra áætlana í tengslum við hina norrænu sýn. Í samstarfi við Nordic Innovation var kynnt skýrslan „Bridging Nordic Data“ um notkun gagnabanka og heilbrigðisupplýsinga til nýsköpunar á sviði heilbrigðistækni og verða niðurstöðurnar notaðar í áframhaldandi samstarf um nýtingu heilbrigðisgagna á Norðurlöndum. Norrænn starfshópur um málefni ferðaþjónustu á Norðurlöndum vann að aðgerðum í kjölfar skýrslunnar „Nordic Tourism Policy Analysis“, þar á meðal að samstarfi um sókn á fjarmarkaði í kjölfar COVID-19 faraldursins. Á sviði ferðaþjónustu var auk þess unnið að verkefninu „Monitoring the sustainability of tourism in the Nordics“ sem snýst um samhæfingu aðgerða til að auka sjálfbærni í ferðaþjónustu á Norðurlöndunum og skapa vettvang fyrir miðlun hugmynda, þekkingar og verkfæra í þágu aukinnar sjálfbærni og þróun áfangastaða. Verkefnið er til eins árs og niðurstöðu er að vænta á fyrsta ársfjórðungi 2021.

Ýmis önnur verkefni voru unnin í samstarfi við norrænu nýsköpunarmiðstöðina (Nordisk Innovation) í Osló og norrænu nýsköpunarhúsin „Nordic Innovation houses“ sem rekin eru á nokkrum stöðum í heiminum. Líkt og undanfarin ár, fengu íslensk sprotafyrirtæki tækifæri til að þjálfa starfsfólk sitt í samstarfi við nýsköpunarhúsið í Kísildal. Þá tóku fulltrúar Nordic Innovation þátt í ýmsum viðburðum hér á landi, m.a. Nýsköpunarvikunni sem haldin var hér á landi fyrstu vikuna í október.

NOPEF-sjóðurinn, sem heyrir undir ráðherranefndina um atvinnustefnu, veitir styrki til markaðsrannsókna sem miða að alþjóðavæðingu norrænna fyrirtækja í verkefnum sem lúta að innleiðingu grænna lausna. Alls fengu 70 ný verkefni styrk á árinu að andvirði 2,4 milljóna evra og voru tvö íslensk fyrirtæki þar á meðal, Geosilica Iceland ehf og DT Equipment ehf.

Áfram var unnið að áhersluverkefnum til sjálfbærrar uppbyggingar atvinnustarfsemi sem sett voru á fót á formennskuári Íslands árið 2019. Má þar fyrst nefna áhersluverkefnið um „Ferðamennsku og náttúru á norðurslóðum“ sem er samvinnuverkefni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Verkefninu er skipt í þrjá verkþætti og er framkvæmd tveggja þeirra á ábyrgð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis; annars vegar verkþáttur um stafræna ferðaþjónustu og hins vegar um staðbundinn mat í ferðaþjónustu. Góð framvinda hefur verið í báðum verkefnum. Áhersluverkefnið „Hafið – blár vöxtur í norðri“ er unnið í samvinnu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Innan þess er verkþáttur sem snýr að nýsköpun og orkuskiptum í

norrænum höfnum og er á ábyrgð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og leitt af NORA í Færeyjum.

Fundur norrænna byggingar- og húsnæðismálaráðherra var haldinn rafrænt þann 14. september, formlega undir hatti EK-N. Á fundinum samþykktu ráðherrarnir meðal annars framkvæmdaáætlun sem segir fyrir um mikilvægustu aðgerðir landanna í húsnæðis- og byggingarmálum á tímabilinu 2021-2024. Þessi framkvæmdaáætlun felur í sér fjárfestingar í grænum og hugvitssamlegum lausnum með það að markmiði að húsnæðis- og byggingariðnaður Norðurlanda verði í fremstu röð hvað varðar sjálfbærni og samkeppnishæfni og hafi minni áhrif á umhverfi og loftslag. Alls verður 62 milljónum danskra króna varið í að skapa umhverfisvænni byggingariðnað. Ráðherrarnir ræddu einnig endurreisn efnahagsins eftir COVID-19faraldurinn. Þar gegnir byggingariðnaðurinn mikilvægu hlutverki og ráðherrarnir voru sammála um að framkvæmdaáætlunin væri góður grundvöllur fyrir þá vinnu sem miðar að því að efla húsnæðis- og byggingariðnaðinn eftir heimsfaraldurinn.

Ýtt var úr vör fjórum mismunandi verkefnum til að framfylgja framtíðarsýn norræna samstarfsins sem samþykkt var 2019 um Græn Norðurlönd. Sameiginlegt markmið sé að draga úr kolefnislosun landanna í flutningi, förgun, endurnýtingu og framleiðslu en Nordic Innovation heldur utan um verkefnið. Í nóvember var fyrsti fundur á vegum Nordic Innovation þar sem markmiðið um grænni Norðurlönd var kynnt og lögð megináhersla á græna borgarhönnun, þéttingu byggðar og fækkun bílastæða í þeim tilgangi. Markmiðið er að fá að borðinu hagsmunaaðila, fyrirtæki, félagasamtök, opinberar stofnanir og ráðuneytin. Tilgangurinn er að draga úr kolefnisspori byggingariðnaðarins og reyna að samræma græna hvata.

Byggðamál

Norrænt samstarf á sviði skipulags- og byggðamála tekur mið af því að hin ýmsu landsvæði á Norðurlöndum hafa hvert sína ólíku kosti og því ólíkar forsendur til að þróast. Á árinu var lögð lokahönd á nýja samstarfsáætlun um byggðapróun og skipulagsmál fyrir tímabilið 2021-2024. Mikilvægasta markmið norræns samstarfs á sviði byggðamála næstu fjögur árin er að búa öll byggðarlög á Norðurlöndum undir að takast á við gríðarleg umskipti og kreppur.

Sum svæði á Norðurlöndum munu jafna sig fljótt eftir heimsfaraldur COVID-19 en annars staðar verður erfiðara að græða sárin sem myndast hafa í hallarekstri, atvinnuleysi og minnkuðum skatttekjum. Framtíðarsýnin 2030, sem forsætisráðherrarnir samþykktu haustið 2019 um græn, samkeppnishæf og samfélagslega sjálfbær Norðurlönd (Vores Vision 2030), vegur þungt í nýrri samstarfsáætlun um byggðapróun og endurspeglast í aðgerðum hennar.

Lögð er áhersla á að byggja upp félags- og umhverfislega sjálfbær svæði og auka þannig viðnámsþol þeirra gagnvart kreppum. Græn umskipti og þétting borga og bæja vinna að því að draga úr loftslagsáhrifum og félagslegum aðskilnaði og auka framboð þekkingar í dreifbýli. Með því má skapa góð skilyrði fyrir sjálfbær fyrirtæki, meðal annars á sviði fiskeldis, jarðefnavinnslu, hringrásarhagkerfis, orku- og lífhagkerfis. Finna þarf leiðir til að tryggja fjölbreytt framboð starfa á landsbyggðinni, en það kallar aftur á umhverfisvænar samgöngur, aðlaðandi íbúðir og stafræna tækni því annars er hætt við að grænu umskiptin komi enn frekar niður á landsbyggðinni.

Á tímabilinu 2021-2024 verða eftirtalin svið í brennidepli í samstarfinu:

- græn borgarþróun með þátttöku allra
- græn strjálbýlisþróun með þátttöku allra
- græn, nýskapandi og viðnámsþolin svæði

Til að ná fram markmiðum samstarfsáætlunarinnar verða líkt og áður skipaðir vinnuhópar sem tak mið af framangreindum þremur megináherslum í starfi sínu. Þetta mun haldast í hendur við fyrri samstarfsverkefni. Áætlunin markar einnig stefnu fagsviðs byggðaþróunar fyrir verkefni landamæranefndanna og Norræna Atlantssamstarfsins (NORA), þar á meðal eftirfylgni NORA við stefnumörkun NAUST fyrir Norður-Atlantshafssvæðið, sem og starfsemi Norrænu rannsóknastofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum (Nordregio). Samstarfsáætlunin nær einnig til norræns samstarfs fagsviðs byggðamála um ESB-mál og alþjóðleg málefni.

Fundi norrænu byggðamálaráðherranna (MR-R), sem halda átti undir formennsku Dana í október, var aflýst og funduðu þeir því ekkert á árinu. Embættismannanefnd í byggðaþróunar- og skipulagsmálum (EK-R) fundaði fjórum sinnum á árinu og voru allir fundir rafrænir.

Norræna rannsóknastofnunin um byggðaþróun Nordregio

Rannsóknastofnun á sviði byggða- og skipulagsmála (Nordregio) er samnorræn rannsóknastofnun með aðsetur í Stokkhólmi og heyrir undir ábyrgð embættismannanefndarinnar í byggðaþróunar- og skipulagsmálum (EK-R). Stofnunin er leiðandi í rannsóknum og upplýsingamiðlun á sínu sviði og virk í evrópsku og alþjóðlegu rannsóknasamstarfi. Rannsóknasamstarfi stofnunarinnar á sviði byggðaþróunar er ætlað að stuðla að því að til verði ný þekking sem byggja má á stefnu í öllum löndunum, svæðunum og sveitarfélögum. Stofnunin gaf út yfir 30 rit, skýrslur og stefnumarkarir á árinu sem finna má á heimasíðu Nordregio.

Annað hvert ár vinnur Nordregio skýrslu um stöðu norrænnar svæðaþróunar í mismunandi málaflokkum. Þetta einstaka rit er mikilvægt verkfæri til þess að koma auga á og greina breytingar innan landanna og milli þeirra til skemmri og lengri tíma. Í ár fjallaði skýrslan um stöðuna á sviði heilsu og velferðar og bar heitið „State of the Nordic Region 2020 – Wellbeing, health and digitalization edition“. Í skýrslunni er fjallað um tækifæri og áskoranir sem felast í fjarheilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum. Í henni má finna fjölda staðreynda og talna sem varpa ljósi á núverandi stöðu á sviði félagshagfræði. Þar er einnig að finna upplýsingar um lýðfræðilegar breytingar, vinnnumarkaðsmál, menntamál, efnahagsmál og þróun á aðgengi þjónustu í löndunum og stöðu Íslands í norrænu samhengi. Stærstur hluti skýrslunnar er settur fram á myndrænan hátt á kortum.

Ráðstefnan Nordregio Forum 2020 um skipulagsmál og stefnumótun í bæjum fyrir alla var haldin rafrænt að þessu sinni og samanstendur af rafrænni fyrirlestraröð sem teygir sig frá 18. nóvember 2020 til mars 2021. Á ráðstefnunni var meðal annars leitað svara við því hvernig við mótum samfélög þar sem allir geta lagt sitt af mörkum og dafnað óháð uppruna. Kynntar voru niðurstöður rannsókna um þróun fólksflutninga og lýðfræði á Norðurlöndunum og g hvaða áhrif vaxandi minnihlutahópar hafa í borgum og bæjum. Kynntar voru helstu stefnur og skipulagsmál og áhrif þeirra á samþættingu og þátttöku yngri kynslóða á Norðurlöndum, frá Reykjanesbæ til Arendal í Noregi og Pori í Finnlandi. Einnig var danska „gettó-stefnan“ kynnt og farið yfir jákvæð og neikvæð áhrif hennar.

Vinnuhóparnir þrír sem nefndir voru fyrir í kaflanum og vinna að því að ná fram markmiðum samstarfsáætlunarinnar, svokallaðir þemahópar, eru skipaðir tveimur fulltrúum allra Norðurlandanna og sjálfstjórnarsvæða og njóta liðsinnis sérfræðinga og rannsakenda stofnunarinnar. Þátttaka í þemahópum gefur innsýn í hvernig fengist er við málefnið annars staðar á Norðurlöndum og leiðir til yfirfærslu þekkingar.

Norræna Atlantssamstarfið (NORA)

NORA er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. Áhersla er lögð á samstarf innan svæðisins og miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum, sem og á nýsköpun og sjálfbæra þróun. NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi fyrirtækja og rannsókn- og þróunarsamtaka á milli landanna.

Ný samstarfsáætlun NORA gildir fyrir árin 2021-2024. Áætlunin hvílir á þremur grunnstoðum sem eru verkefnastuðningur, stefnumörkun og tengslamyndun. Áherslur í nýrri áætlun eru í meginatriðum óbreyttar, en þó er hún betur aðlöguð að áherslum Norrænu ráðherranefndarinnar en áður. NORA skipulagði „hakkþon“ (North Atlantic Corona Challenge) í maí 2020, fyrir 18-30 ára með 58 þátttakendum, þar af 10 frá Íslandi. Markmið hakkþonsins var að þróa góðar hugmyndir til að bregðast við áskorunum sem fylgja heimsfaraldrinum og skapa tækifæri fyrir fólk og samfélög á Norður-Atlantshafssvæðinu. Að öðru leyti var hefðbundnum samkomum á vegum NORA aflýst, en lögð áhersla á að kynna starfseminna á heimasíðu og gera starfið meira stafrænt.

Á árinu bárust 39 umsóknir í tveimur umsóknarferlum. Veittir voru styrkir til 25 verkefna, þar af leiddu Íslendingar sex verkefni og voru þátttakendur í yfir tveimur þriðju hluta verkefna. Fjármunir til verkefnastyrkja voru tæpar 4,2 milljónir danskra króna eða tæplega 90 milljónir íslenskra króna.

Stafræn væðing

MR-DIGITAL og HNG-DIGITAL

Norræna ráðherranefndin MR-DIGITAL var sett á laggirnar 2017 sem tímabundin nefnd til fjögurra ára. Markmið hennar var að vinna undir merkjum Digital North, samstarfsyfirlýsingar Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, að því að gera svæðið að samtengdasta stafræna svæði í heiminum.

Starf nefndarinnar var öflugt á árinu þó að COVID-19 hafi vissulega setti strik í reikninginn líkt og annars staðar. Danir fóru með formennsku í nefndinni og fórst það vel úr hendi og stýrðu af myndugleika sameiginlegum verkefnum. Í byrjun mars var haldinn ráðherrafundur MR-DIGITAL auk þess sem embættismenn nefndarinnar funduðu fjórum sinnum.

Samstarfsyfirlýsingin Digital North rann út á árinu og var ákveðið að endurnýja hana. Til að undirbúa það og sameiginleg verkefni næstu missera voru haldnir nokkrir fundir.

Á haustmánuðum samþykktu ráðherrar nefndarinnar nýja yfirlýsingu, Digital North 2.0, auk aðgerðaráætlunar um stafræna þjónustu þvert á landamæri. Áætlunin hefur það að markmiði að auðvelda gagnasamskipti og aðgang að stafrænni þjónustu þvert á landamæri. Til að tryggja framgang áætlunarinnar voru skilgreind þrjú verkefni sem löndin munu vinna saman að á árunum 2021-2024, auk þess sem skipunartími nefndarinnar var framlengdur um sama tíma.

Samhliða þessu var unnið að verkefnum á sviði auðkenningar og gervigreindar auk þess sem ákvörðun var tekin um hvaða stafrænu þjónustu ætti fyrst að gera aðgengilega á milli landanna. Sú forgangsröðun byggist á þeirri þjónustu sem ESB hefur sett fram í tengslum við verkefnið „Single Digital Gateway“.

Umhverfis- og loftslagsmál

Umhverfis- og loftslagsmál

Norræna samstarfið um umhverfis- og loftslagsmál byggist á Norrænni samstarfsáætlun um umhverfis- og loftslagsmál 2019-2024 þar sem hringrásarhagkerfið, loftslagsmál og loftgæði, efni - umhverfi og heilsa, líffræðileg fjölbreytni og málefni hafs og stranda eru í forgangi. Árið 2019 var mótuð framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþætta svæði heims. Til þess að fylgja henni eftir voru lagðar fram þrjár stefnumarkandi áherslur sem gilda til ársins 2024: græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Forsætisráðherrar og umhverfis- og loftslagsráðherrar Norðurlandanna hafa einnig gefið út sameiginlega yfirlýsingu um kolefnishlutlaus Norðurlönd. Norrænu umhverfis- og loftslagsráðherrarnir bera pólitíska ábyrgð á samstarfinu. Norræna embættismannanefndin um umhverfis- og loftslagsmál og vinnunefnd hennar hafa það hlutverk að tryggja að áætluninni sé fylgt eftir.

Fundur norrænu umhverfis- og loftslagsráðherranna

Umhverfis- og loftslagsráðherrarnir héldu tvo fjarfundi á árinu. Fyrri fundurinn var haldinn 30. apríl. Á fundinum var fjallað um næstu loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem fyrirhugað var að halda í Glasgow haustið 2020, en henni hefur verið frestað til haustsins 2021 vegna heimsfaraldursins. Ráðherrarnir lýstu yfir stuðningi við áform Breta um metnaðarfullar niðurstöður ráðstefnunnar og samþykktu yfirlýsingu því til staðfestingar. SAICM (Strategic Approach to Chemicals Management) er alþjóðleg pólitísk áætlun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um bætt og öruggari meðferð efna þvert á umhverfismál, heilbrigðismál og vinnuumhverfi. Tímabili áætlunarinnar lauk á árinu og hafnar eru viðræður um hvað sé handan við 2020 (Beyond 2020) og hafa Norðurlöndin, m.a. á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar, verið í fararbroddi í því starfi. Áhersla er lögð á að samþætta alþjóðlegar aðgerðir stjórnvalda á sviði efna- og úrgangsmála þar sem mikilvægt er að styrkja alþjóðlegt efna- og úrgangssamstarf. Í tengslum við þessar viðræður sendu ráðherrarnir frá sér sameiginlega yfirlýsingu um efni nýrrar áætlunar. Ráðgert er að ný áætlun verði samþykkt á alþjóðlegri ráðstefnu (ICCM5) í júlí 2021. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, kynnti verkefnið „Global Faith for Earth“, sem á rætur að rekja til fundar sem Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP), Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Þjóðkirkjan og Landgræðsla ríkisins efndu til í Skálholti 2019. Til að formgera þátttöku trúfélaga í vinnu að heimsmarkmiðunum hefur UNEP þegar ýtt úr vör vinnu við að setja á fót „Faith for Earth Coalition“ og stefnt er að undirbúningsfundi á Íslandi. Norrænu umhverfis- og loftslagsráðherrarnir tóku jákvætt í tillögu um stuðning við þetta framtak og fólu umhverfis- og auðlindaráðherra að taka málið upp að nýju þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

Á fundi ráðherranna 28. október var samþykkt yfirlýsing um þörf fyrir alþjóðlegan samning til þess að hindra plastúrgang í hafi. Jafnframt sendu ráðherrarnir frá sér yfirlýsingu

sem staðfestir vilja Norðurlanda til að taka forystu í þessu máli og vinna að því að draga úr mengun frá skemmtiferðaskipum og gera Norðurlönd að sjálfbærum áfangastað fyrir skemmtiferðaskip. Guðmundur Ingi Guðbrandsson skýrði frá þróun mála varðandi framtakið Faith for Earth og ráðstefnuna Faith for Nature sem haldin var á netinu 5.-8. október fyrir tilstuðlan Íslands og með stuðningi íslensku ríkisstjórnarinnar. Tilgangurinn var að virkja trúarleiðtoga í samvinnu um sjálfbæra þróun.

Auk ofangreindra funda tóku norrænu umhverfisráðherrarnir þátt í viðburði á netinu þann 19. október þar sem norræn skýrsla um helstu þætti í mögulegum alþjóðlegum samningi um plast var kynnt.

Helstu verkefni

Undirbúningur hófst að mótun fjölmargra verkefna í samræmi við áðurnefnda framkvæmdaáætlun 2021-2024 um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Sumarið 2020 voru settir á laggirnar tímabundnir hópar til að skilgreina átta verkefni, þ.á.m. varðandi loftslagsmál, kolefnishlutleysi og plastmengun.

Umhverfis- og loftslagsmál voru stór þáttur í formennskuáætlun Íslands á árinu 2019 og er enn unnið að þremur skilgreindum formennskuverkefnum undir yfirskriftinni „Sjálfbær ferðamennska á norðurlöndum“. Verkefnið þrjú snúa að hreinni orku í ferðaþjónustu, náttúruvernd og hönnun innviða á ferðamannastöðum. Heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á framvindu verkefnanna og því hefur ráðstefnunni „Sjálfbær ferðamennska á norðurlöndum“, sem halda átti í júní, verið frestað tvívegis. Hún verður haldin haustið 2021 og líklegast á netinu. Niðurstöður úr þessum verkefnum munu liggja fyrir í árslok 2021.

„Hafið - blár vöxtur í norðri“ var önnur yfirskrift í formennskuáætlun Íslands. Einn verkþátturinn snýst um mengun hafsins af völdum plasts. Til stóð að halda ráðstefnu í Reykjavík í apríl undir yfirskriftinni „Plastics in the Arctic“. Fresta þurfti ráðstefnunni en hún verður haldin á netinu í mars 2021.

Vinnuhópar í umhverfis- og loftslagsmálum

Sex norrænir vinnuhópar starfa á vegum umhverfis- og loftslagsráðherranna: vinnuhópur um málefni hafs og stranda, vinnuhópur um líffræðilega fjölbreytni, vinnuhópur um loftslagsmál og loftgæði, vinnuhópur um efni, umhverfi og heilsu, vinnuhópur um hringrásarhagkerfi og þverlægur vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál, en starfsumboð hans er ákveðið sameiginlega með fjármálasviði Norrænu ráðherranefndarinnar. Vinnuhóparnir gegna lykilhlutverki við skilgreiningu og framkvæmd verkefna í samræmi við sameiginleg stefnumál Norðurlandanna. Um er að ræða greiningar og úttektir sem nýtast á Norðurlöndunum og einnig til þess að miðla norrænum sjónarmiðum og lausnum á alþjóðavettvangi. Meðal verkefna sem lokið var á árinu er skýrsla um leiðir að kolefnishlutleysi á Norðurlöndunum sem kom út í kjölfar tillögu umhverfis- og auðlindaráðherra sem samþykkt var á formennskuári Íslands 2019. Á árinu var unnið að nýju og samræmdu merkingakerfi fyrir úrgang til að stuðla að betri flokkun og styður við bættu úrgangsstjórnun. Merkin hafa verið tekin í notkun hér á landi. Einnig var á árinu lokið við að vinna vegvísi fyrir lítil samfélög á Norðurlöndunum til að gera áætlanir um sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Um er að ræða verkefni sem Ísland lagði áherslu á og setti af stað í tíð formennsku sinnar í Norrænu ráðherranefndinni 2019 og tengist heimsmarkmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið – NEFCO

Með stofnun NEFCO árið 1990 tóku Norðurlöndin mikilvægt skref í þátt að koma norrænum grænum lausnum á framfæri í öðrum löndum til hagsbóta fyrir umhverfi og loftslag. Starfsemi NEFCO felst í að lána litlum og meðalstórum norrænum fyrirtækjum fjármuni til að vinna að umhverfis- og loftslagsverkefnum í öðrum löndum. Í upphafi náði starfssvæðið fyrst og fremst til grannsvæða Norðurlandanna í austri en hefur nú verið útvíkkað og nær í raun til alls heimsins. Með samstarfi við NEFCO er fyrirtækjum gert kleift að stækka markaðssvæði sitt, koma grænum lausnum á framfæri og styrkja þannig stöðu sína og samkeppnishæfni.

Heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á norræn fyrirtæki almennt, einnig þau sem teljast vel stödd. Viðfangsefni samtímans, eins og loftslagsbreytingar og umhverfismál, hafa ekki horfið og fyrirtæki sem leggja áherslu á grænar lausnir og sjálfbærni standa frammi fyrir mörgum tækifærum sem mikilvægt er að nýta. Stjórn NEFCO ákvað á árinu að bregðast við með því að bjóða sérstaka hraðlánalínu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem vilja leggja sitt af mörkum til grænna lausna sem taldar eru mikilvægur liður í að endurreisa heilbriggt efnahagslíf eftir heimsfaraldurinn. Lánin má nýta til að fjármagna verkefni sem felast í grænum tæknilausnum á ýmsum sviðum, eins og t.d. bættri orkunýtni, endurnýjanlegum orkugjöfum, bættum iðnaðarferlum og lausnum tengdum hringrásarhagkerfinu svo og sjálfbærri matvælaframleiðslu og landbúnaði.

Menntamál og rannsóknir

Menntamál og rannsóknir

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) fjallaði á árinu ítarlega um stefnumótun á verkswiði sínu, úrlausnir afmarkaðra norrænna verkefna, auk þess sem ráðherrarnir miðluðu upplýsingum og skiptust á skoðunum um mikilvæg mál sem eru efst á baugi í löndunum. Umræður og samstarf litaðist af heimsfaraldri og var meginviðfangsefnið á fundi ráðherranna líðan barna og ungmenna. Embættismannanefnd málaflokksins fjallaði að auki um málin, undirbjó umræður og afgreiðslur ráðherranna.

Þar sem ekki var haldið Norðurlandaráðsþing lagði ráðherra, að beiðni menntamálaráðherra Danmerkur, fram tvær greinargerðir á fundi þekkingar- og menningarnefndar Norðurlandaráðs fyrir hönd MR-U. Greinargerðirnar fjölluðu um norrænt tungumálasamstarf og eftirfylgni tungumálafyrirlysingarinnar og norrænt samstarf um eflingu lýðræðis, samheldni og nám án aðgreiningar.

Framkvæmdaáætlun 2021-2024 - framtíðarsýn fyrir árið 2030

Ráðherrarnir fjölluðu á fundi sínum um verk- og tímaáætlun MR-U sem styður við framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um framtíðarsýn fyrir árið 2030.

Menntaverkefni verður komið á fót til stuðnings markmiðinu um græn Norðurlönd, með áherslu á menntun framtíðarneytenda svo að þeir taki ákvarðanir sem styðja við sjálfbæra þróun - verkefnið styður við markmið 2 og 4.

Stefnt er að nýsköpunarkeppni ungmenna (unglingastig grunnskóla og framhaldsskóla) með áherslu á umhverfismál og tækniþróun til að styðja við markmiðið um samkeppnishæf Norðurlönd- verkefnið styður við markmið 6.

Til að styðja við markmiðið um samfélagslega sjálfbær Norðurlönd er stefnt að stóru rannsóknarverkefni um áhrif og lærdóm af COVID-19 faraldrinum með það að leiðarljósi að

Norðurlöndin vinni betur saman að lausnum þegar og ef til slíks ástands kemur aftur - verkefnið styður við markmið 9 og 6.

Auk þess er áætlað að halda stóra norræna ungmennaráðstefnu ár hvert þar sem tekin verða til umræðu málefni sem eru efst á baugi hverju sinni - verkefnið styður í raun við öll markmið en er sett undir markmið 11. Verkefnið styður líka við þá sýn að gefa ungmennum aukna rödd í norrænu samstarfi.

Efling lýðræðis, samheldni og nám án aðgreiningar

Unnið var að eflingu lýðræðis, samheldni og náms án aðgreiningar í samfélögum Norðurlanda 2016-2020. Markmiðið með samstarfinu var að búa menntakerfin betur undir að takast á við samfélagsáskoranir með lýðræðislegum hætti; efla virka lýðræðisvitund barna og ungmenna í skólum og fyrirbyggja mismunun og jaðarsetningu með menntun fyrir alla. Meðal þess sem áunnist hefur er „Sameiginleg norræn rödd“ og „samnorræn sýn“ á mikilvægt hlutverk menntakerfisins þegar unnið er með fyrirbyggjandi og virkum hætti að lýðræðislegri þátttöku, gagnrýnni hugsun og félagslegri virkni barna og ungs fólks í skólum. Haldin hafa verið norræn málþing og ráðstefnur um efnið og þróaðar skólamiðaðar aðgerðir til að styðja við færniþróun skólustjórnenda, kennara og nemenda. Ákveðið hefur verið að halda samstarfinu áfram til 2024.

Öruggir stafrænir innviðir fyrir heilsufarsgögn

Unnið hefur verið að framtíðarsýn um örugga norræna stafræna innviði fyrir heilsufarsgögn, „The Nordic Commons“, og mun stýrihópur verða settur á laggirnar vorið 2021 til að vinna að úrlausn hindrana sem standa í vegi fyrir samnotkun norrænna gagnagrunna.

Úttekt á notkun upplýsingatækni í háskólum

Stefnt er að ráðstefnu haustið 2021 um niðurstöður úttektar á notkun upplýsingatækni í háskólastarfi þar sem einnig verður fjallað um reynsluna af notkun upplýsingatækni vegna heimsfaraldursins og þær breytingar sem hafa orðið á henni.

Almenn þátttaka í samstarfinu

Auk þeirra stefnumótandi umræðna og ákvarðana um eftirfylgni sem ráðherrarnir hafa tekið á árinu og nefnd eru hér að framan hefur þátttaka Íslands í norrænu samstarfi á sviði menntamála og vísinda, í verkefnum, vinnuhópum og ráðstefnum, verið mjög umfangsmikil. Styrkveitingar til Íslendinga og íslenskra verkefna úr sjóðunum á vegum NORDPLUS og NordForsk hafa numið mun hærra upphæðum en nemur framlögum Íslands í þá sjóði, eins og hefur reyndar verið til margra ára. Auka ber hreyfanleika og norrænt samstarf ungra vísindamanna og styrkja stöðu Norðurlanda í alþjóðlegu samstarfi. Þá ber að nýta reynslu síðustu mánaða til þess að hvetja til virkara samstarfs á fleiri sviðum og með nýrri tækni.

Menningarmál

Norræna ráðherranefndin um menningarmál hélt að venju tvo fundi, þann fyrri 28. maí og þann síðari 28. október, í tengslum við þing Norðurlandaráðs sem átti að fara fram á Íslandi. Fundirnir fóru fram rafrænt vegna heimsfaraldursins. Menning á krísutímum var meginefni á

fyrri fundi þeirra, en listir og menning sem hvati fyrir sjálfbæra þróun á Norðurlöndum var í brennidepli á hinum síðari.

Á fundunum fóru fram ítarlegar umræður ráðherranna og ákvarðanir voru teknar um stefnumótun á verkswiði nefndarinnar. Rædd var forgangsröðun næstu ára í menningarmálum og hvernig ná skuli markmiðum hinnar nýju framtíðarsýnar 2030.

Norrænt menningarsamstarf hefur einkennst af menningarlegri hnattvæðingu síðustu ár en umhverfið er gjörbreytt vegna heimsfaraldursins, og þær aðstæður sem hafa m.a. skapast í menningarmálum vegna kórónuveirunnar krefjast góðra lausna. Menningarstofnanir hafa víða verið lokaðar, starfsemi lagst af og starfsfólki sagt upp. Staða listamanna í öllum greinum hefur verið flókin og erfið þar sem faraldurinn hefur leikið listir og menningu grátt.

Aðgerðir í norrænu menningarlífi á tímum kórónuveiru

Kórónuveirufaraldurinn hefur komið harkalega niður á menningarlífi um allan heim. Ákvörðun var tekin um að verja þremur milljónum danskra króna í menningaráætlun nefndarinnar og styðja þannig við norrænt lista- og menningarlíf á þessum sérstöku tímum.

Þó svo að heimsfaraldurinn hafi haft gríðarleg áhrif á listir og menningu er óhætt að segja að nýjar leiðir við miðlun og þverfaglegt samstarf hafi aukist til muna á milli listamanna á Norðurlöndum. Miðlun lista og menningarefnis með stafrænum hætti er ekki bundin við landamæri og það hefur sérstaklega sýnt sig eftir að faraldurinn hófst. Þetta gefur ný tækifæri við skipulagningu norræns menningarsamstarfs í framtíðinni.

Framkvæmdaáætlun 2021-2024 - framtíðarsýn fyrir árið 2030

Ráðherrarnir fjölluðu á fundum sínum um verk- og tímaáætlun sem styður við framkvæmdaáætlun þeirra um framtíðarsýn fyrir árið 2030. Lögð er áhersla á að menning sé undirstaða norrænnar samvinnu, enn fremur að samstarfið skipti sköpum í aðgerðum vegna samfélagsáskorana sem tengjast umhverfis- og loftslagsmálum, samþættingu og hreyfanleika.

Einnig er lögð áhersla á að ríkt og fjölbreytt menningarlíf sé forsenda fyrir opnum jafnréttissamfélögum fyrir alla á Norðurlöndum. Þá er framlag menningar til sjálfbærs hagvaxtar, meðal annars í norrænu samstarfi, mikilvægt fyrir menningartengdar og skapandi atvinnugreinar.

Menningarmál hafa verið undirstaða norrænnar samvinnu í áratugi. Samstarf Norðurlanda á sviði menningarmála hefur haft mikil áhrif á umheiminn og endurspeglad þann grunn sameiginlegra gilda sem norrænu ríkin standa fyrir.

Ný framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf beinir starfsemi í loftslagsvænni og sjálfbærari átt en áður, sem þýðir að framlög til menningarmála munu lækka á komandi árum. Fjárveitingar til norrænna menningarmála renna fyrst og fremst til reksturs sameiginlegra menningarstofnana, menningaráætlana og sjóða. Menningarmál eru sá hluti af starfi Norrænu ráðherranefndarinnar sem er hvað sýnilegastur almenningi og snertir marga einstaklinga beint með styrkveitingum og menningarviðburðum.

Vakin er sérstök athygli á tillögu skrifstofu ráðherranefndarinnar um að framlög til Norræna hússins í Reykjavík verði skert um 20% frá árinu 2022 og að jafnframt sé óskað viðræðna við íslensk stjórnvöld um samstarf um rekstur hússins til framtíðar.

Samstarfsáætlun í menningarsamstarfi 2021-2024

Ráðherrarnir hafa samþykkt nýja samstarfsáætlun í menningarmálum til fjögurra ára undir heitinu „Listir og menning – drifkraftur sjálfbærrar þróunar á Norðurlöndum“. Áætlunin tekur mið af framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar 2030 og verður metin þegar tímabilið er hálfnað.

Samstarfsáætlunin skiptist í þrjú samstarfssvið með þremur meginmarkmiðum:

- **Græn Norðurlönd.** Grænt menningarlíf fyrir núlifandi og komandi kynslóðir. Auka við hugmyndir og þekkingu fyrir græn ataksverkefni og fjölga aðgerðum á sviði menningar, lista og fjölmiðla. Áhersla er jafnframt lögð á leiðandi hlutverk menningar og skapandi greina í grænni framleiðslu og neyslu, sem og að efla græna verndun, nýtingu og þróun menningararfsins í samræmi við alþjóðlega sáttmála.
- **Samkeppnishæf Norðurlönd.** Nýsköpun í lista- og menningarlífi festi Norðurlönd í sessi sem eftirsóknarvert og sýnilegt menningarsvæði í heiminum. Stutt verði við tækifæri listafólks og menningaraðila til að koma sér á framfæri á Norðurlöndum og utan þeirra. Vekja skal athygli á Norðurlöndum sem eftirsóknarverðu og skapandi svæði sem eflir samkeppnishæfni landanna. Kanna skal ný tækifæri í alþjóðasamstarfi á sviði menningar og fjölmiðla.
- **Félagslega sjálfbær Norðurlönd.** Jafnrétti og inngilding í lista- og menningarlífi sem verði öllum aðgengilegt hvarvetna á Norðurlöndum

Nordic Bridges - norræn menningarhátíð í Kanada.

Norræna menningarverkefnið „Nordic Bridges“ átti upprunalega að fara fram í Kanada árið 2021. Vegna heimsfaraldurs óskaði Harbourfront Center, samstarfsaðili Norðurlanda, eftir því að fresta verkefninu um ár. Verður menningarhátíðin því haldin í Kanada allt árið 2022.

Félags- og heilbrigðismál

Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál

Hinum árlega reglubundna fundi ráðherranefndar um félags- og heilbrigðismál (MR-S), sem fara átti fram þann 26. mars í Kaupmannahöfn, var frestað fram eftir ári og að lokum haldinn rafrænt, þann 4. september. Á fundinum var rætt um að alþjóðleg heilbrigðisógn kallaði á öflugan samvinnu. Rætt var um verkefnið sem löndin stóðu í vegna faraldursins, s.s. skimanir, smitakningar, einangrun, sjúkrahúsinnlagnir, álag á gjörgæslu, langtímaeftirköst þeirra sem sýkjast og aðrar áskoranir og afleiðingar faraldursins. Ráðherrarnir lögðu áherslu á norræna samvinnu um aðfangaöryggi, meðal annars hvað varðar lyf og bólusetningar. Þá var undirstrikaður vilji til að ræða reynslu landanna, sameiginlegar lausnir og aukna samvinnu til að efla aðgerðir í þeim tilgangi að stöðva útbreiðslu COVID-19 í samfélögunum. Áður en hinn árlegi reglubundni fundur ráðherranefndar um félags- og heilbrigðismál (MR-S) fór fram voru, í ljósi stöðunnar, haldnir nokkrir óformlegir fjarfundir. Þeir voru haldnir ýmist undir hatti Norrænu ráðherranefndarinnar eða að frumkvæði einstakra ráðherra. Slíkir óformlegir fjarfundir voru haldnir 19. mars, 2. apríl, 29. apríl og 10. júní. Á öllum fundunum báru fulltrúar landanna saman bækur sínar hvað varðar COVID-19 stöðuna, hvað gengi vel og hvað síður, hvort útbúnað vantaði, hvernig staðið skyldi að kaupum á lyfjum og bóluefnum o.fl. Ísland

upplýsti m.a. um að sóttvarnalæknir hefði tilkynnt 1. mars um COVID-19 tilfalli frá skíðasvæðum í Ölpunum. Tilkynningin var send í tilkynningakerfi Evrópu og WHO sem kallast EWRS (Early Warning and Response System). Þá var lögð áhersla á að mikilvægt væri að tryggja áfram sjúkraflug og för sjúklinga í lífsbjargandi meðferð til Norðurlandanna.

Auk Norrænu embættismannanefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (EK-S) starfa fjölmargir starfshópar og ráð í umboði ráðherranefndarinnar. Þrír vídeófundir voru haldnir á árinu í embættismannanefndinni, í janúar, apríl og september.

Markvisst norrænt samstarf um félags- og heilbrigðismál

Norrænt samstarf á sviði félagsmála hefur mótast af sameiginlegum áherslumálum og þeirri framtíðarsýn sem sett var fram í skýrslu Árna Páls Árnasonar, þekking sem nýtist – tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála, frá árinu 2018. Skýrslan er stefnumótandi úttekt á norrænu samstarfi á félagssviðinu og inniheldur 14 tillögur. Nú þegar er unnið að innleiðingu fimm tillagna, þ.e. endurskoðun á starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) og Norrænu hagskýrslunefndarinnar (NOSOSKO), félagslegar aðgerðir með áherslu á notendur, börn, ungmenni og fullorðna í viðkvæmri stöðu og félagslega þjónustu í strjálbýli, þ.e. tillögur 3, 6, 8, 9 og 13 í skýrslunni. Ráðherranefndin áætla á næstunni að skoða nánar kerfisbundið samstarf um þekkingu og aðgerðir sem virka í reynd á félagssviðinu og aukið samstarf við sjálfboðaliðasamtök, þ.e. tillögur 1 og 7 í skýrslunni. Fjöldi ráðstefna og þinga fóru fram á árinu, s.s. Norræna barnþingið, sem haldið var í Kaupmannahöfn 16. janúar að frumkvæði Norrænu ráðherranefndarinnar, UNICEF Danmerkur o.fl. í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmálans í nóvember 2019. Þingið sóttu 65 börn á aldrinum 12-16 ára frá öllum Norðurlöndunum. Börnin frá Íslandi komu frá svokölluðum réttindaskólum UNICEF hér á landi. Á þinginu afhentu börnin sameiginlega norræna barnayfirlýsingu sem samin var á grunni Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar er lögð áhersla á að öll börn og ungmenni á Norðurlöndunum skuli þekkja Barnasáttmálann og réttindin sem honum fylgja, hlusta skuli á öll börn og ungmenni og hafa samráð við þau í öllum ákvörðunum sem þau skipta og að öll börn og ungmenni eigi að vera hluti af samfélaginu svo við getum sameiginlega fyrirbyggt einmanaleika. Börnin lögðu í framhaldinu fram skýrar tillögur um hvernig megi innleiða norrænu barnayfirlýsinguna þar sem þau verja tíma sínum helst, en það er með fjölskyldunni, í skólanum, frístundastarfi og nærsamfélagi þeirra. Þá var haldin netráðstefna um heimilisleysi, á vegum dönsku formennskunnar í Norrænu ráðherranefndinni, þann 26. nóvember. Þar kynntu m.a. fulltrúar Reykjavíkurborgar reynslu sína af því að þjónusta heimilislauða í fámennu samfélagi.

Þriggja ára formennskuverkefni Íslands, Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndum, beinist að því að skoða hvernig efla megi geðheilsu og vellíðan á fyrstu æviárum barna á Norðurlöndunum og hvaða aðferðum sé best að beita til að bregðast snemma við áhættuþáttum í lífi þeirra og foreldra þeirra. Verkefninu er stýrt af embætti landlæknis og nær til árána 2019–2021. Á árinu var fyrstu afurð þess, stöðugreiningu, skilað. Í henni var kortlagt hvernig löndin standa að því að bæta vellíðan barna. Næstu skref í verkefninu verða að yfirfara úrræðin sem nýtt eru á meðgöngu og fyrstu æviárunum innan Norðurlandanna til að efla tengsl foreldra og ungra barna, greina áhættuþætti o.fl. og skoða hversu vel þau eru studd rannsóknnum, gagnreyndum aðferðum og vísindalegum grunni. Von er á þeirri matsskýrslu á næsta ári, en henni er ætlað nýtast við mótun stefnu og þjónustuúrræða á þessu sviði.

Norrænt samstarf á sviði heilbrigðismála hefur hin seinni ár verið nokkuð hefðbundið og fyrirséð. Samstarfið hefur að mestu mótast af sameiginlegum áherslumálum og þeirri framtíðarsýn í norrænu samstarfi sem sett var fram í skýrslu Bo Könbergs frá árinu 2014. Árið

2020 skar sig úr að þessu leyti og norrænt samstarf á sviði heilbrigðismála var óhefðbundið á flestan hátt sökum heimsfaraldurs COVID-19. Norrænir heilbrigðisráðherrar funduðu fimm sinnum á árinu, ýmist undir hatti Norrænu ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál eða vegna frumkvæðis einstakra ráðherra, eins og lýst er hér að ofan. Þá áttu sóttvarnalæknar Norðurlandanna í miklu samstarfi sín á milli vegna COVID-19 tengdra mála. Einnig áttu aðrir hópar stórir og smáir, sem átt hafa í hefðbundnu norrænu samstarfi tengdu Norrænu ráðherranefndinni, ýmist beint eða óbeint, með sér mikilvægt tvíhliða og marghliða samstarf vegna COVID-19 tengdra mála. Ýmiskonar norræn tengsl, sem hafa byggst upp milli einstaklinga og hópa í gegnum árin, nýttust því vel í því álagi sem COVID-19 kallaði yfir stjórnsýsluna og heilbrigðis- og félagsþjónustuna. Áfram var þó unnið í anda Könbergs-skýrslunnar þar sem m.a. var lögð áhersla á samvinnu um bættu geðheilsu, hvernig þekking innan Norðurlandanna á mjög sérhæfðri lækni meðferð geti nýst á markvissari hátt, aukna samþættingu heilbrigðis- og umönnunarþjónustu með áherslu á aldraða og málefni sem lúta að lýðheilsu.

Tveir starfshópar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar eru að störfum um sýklalyfjaónæmi, stefnumótunarhópur sem hefur það hlutverk að koma með tillögur til stjórnvalda sem miða að því að hindra útbreiðslu sýklalyfjaónæmis og hópur sérfræðinga sem hefur það hlutverk að meta vísindalegt gildi úrræða og rannsókna og vera stefnumótunarhópnum innan handar. Vegna heimsfaraldurs COVID-19 var engin vinna innt af hendi í þessum málaflokkum á árinu.

Samstarfshópur um mjög sérhæfða lækniþjónustu fjallar um hátæknilega meðferð eða meðferð mjög sjaldgæfra sjúkdóma. Einn fjarfundur var haldinn í september þar sem rætt var um áframhaldandi nýtingu þeirrar kortlagningar sem gerð var 2019 á veitingu meðferða af þessu tagi á Norðurlöndum. Einnig var farið yfir vísindarannsóknaverkefni sem gætu gagnast við þessa uppbyggingu. Í mars 2018 ákvað Norræna ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál að á árunum 2019-2021 yrði lögð áhersla á að skoða hvernig hægt væri að byggja upp betri og samþættari heilbrigðis- og umönnunarþjónustu, með sérstakri áherslu á aldraða og sjúklinga. Haldinn var upphafsfundur um verkefnið í Stokkhólmi í nóvember 2019. Í upphafi árs 2020 var hafist handa við að kortleggja lög, stefnur og áætlanir varðandi samræmda og samþætta umönnun og árangur þeirra fyrir sjúklinga með langvinna sjúkdóma og fjölveika aldraða. Á vormánuðum voru skoðaðar stefnumiðaðar aðferðir til að styðja við heilsueflingu og forvarnir í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum með það að markmiði að kanna og lýsa því hvernig Norðurlöndin vinna forgangsöröðun og áætlanir varðandi forvarnarstarf og heilsueflandi starf og hvernig það er samþætt við umönnunarferla.

Samstarf á norrænum lýðheilsuvettvangi hefur staðið yfir frá 2016. Þar hafa verið lögð fram verkefni sem hafa verið samþykkt og fjármöggnuð og eru m.a. um heilsufarslegan jöfnuð, geðheilsu ungmenna, kannabisneyslu og áfengis- og tóbaksnotkun. Vegna heimsfaraldurs var aðeins haldinn einn fjarfundur á árinu.

Norrænn vinnuhópur um geðheilsu (Nordic Working Group on Mental Health) hefur verið starfandi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um nokkurra ára skeið og fékk fyrir rúmu ári síðan endurnýjað umboð frá nefndinni. Embætti landlæknis á sæti í hópnum fyrir hönd Íslands og sat fulltrúi embættisins árlegan fund hans í nóvember, sem var rafrænn að þessu sinni. Fundurinn var haldinn á vegum dönsku formennskunnar. Á fundinum var rætt um það sem hefur verið helst á döfnni undanfarin ár á sviði geðheilbrigðismála í hverju landi og fyrirlestrar haldnir um geðheilbrigði barna og ungmenna og sjálfsvígsforvarnir. Þá verður áfram unnið að bættu geðheilbrigði norrænna ungmenna að frumkvæði Dana með þátttöku í

norrænu neti um andlega vanlíðan ungmenna 2020-2022, en þar starfa bæði fulltrúar frá heilbrigðis- og félagsmálageiranum.

Að frumkvæði Íslands hefur verið fjallað um stjórnsýsluhindrun í ráðherra- og embættismannanefndinni sem lýtur að fylgiseðlum með lyfjum. Í því máli leggur Ísland áherslu á að Norðurlandabjórðirnar hafi náð samstöðu um að Evrópureglum verði breytt þannig að heimilt verði að styðjast eingöngu við rafræna fylgiseðla með lyfjum til að lækka verð og auka öryggi sjúklinga. Í framhaldi af sameiginlegu bréfi sem heilbrigðisráðherrar Norðurlandanna sendu til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins árið 2019, um að skoðað yrði að opna heimild til að notast eingöngu við rafræna fylgiseðla með lyfjum, hefur Íslands auglýst eftir þátttöku lyfjafyrirtækja í tilraunaverkefni. Verkefnið felst í því að nota eingöngu rafræna fylgiseðla með lyfjum sem afhent eru á íslenskum sjúkrahöfnum. Tilgangur þess er að afla reynslu af því fyrirkomulagi. Könnuð verður reynsla sjúklinga, starfsmanna og dreifingaraðila.

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM) er rannsókn- og þekkingarsetur staðsett í Osló. Í stjórn stofnunarinnar situr m.a. einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Á vegum NIOM er rannsakað og fylgst með gæðum og öryggi efna á norrænum markaði og upplýsingunum miðlað til heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisstarfsfólks og almennings. Stefna til næstu fimm ára er í endurskoðun og er stefnt að því að ljúka vinnu við hana á fyrri hluta ársins 2021.

Norrænt samstarf um almannatryggingar

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar fylgist með sameiginlegum alþjóðlegum reglum um almannatryggingar er gilda milli Norðurlanda, þ.m.t. Norðurlandasamningnum um almannatryggingar, og framkvæmd þeirra og metur þörf á breytingum á samningnum. Hópurinn fjallar um sameiginleg mál á sviði almannatrygginga, sérstaklega möguleika á norrænu samstarfi varðandi almannatryggingareglugerðir ESB um samhæfingu almannatryggingakerfa sem er hluti EES-samningsins. Árið einkenndist af áhrifum COVID-19 faraldursins á frjálsa för, félagslega vernd og almannatryggingar. Haldinn var formlegur fjarfundur í september og óformlegur fjarfundur um Brexit í desember. Þess utan áttu meðlimir í óformlegum samskiptum sín á milli um ýmis mál á árinu. Á septemberfundinum var m.a. fjallað um breytingar á innlendri löggjöf og stefnumótun á sviði tryggingamála og aðgerðir sem gripið var til vegna COVID-19. Fjallað var um stöðu samningaviðræðna um endurskoðun almannatryggingareglugerðar ESB um samhæfingu almannatryggingakerfa. Svíþjóð upplýsti um eftirfylgni við niðurstöðu dómstóls ESB um sænska lágmarkslífeyrinn og rætt var um hvort og að hve miklu leyti niðurstaðan hafi áhrif innan Norðurlandanna. Noregur upplýsti um mál fyrir dómstól EFTA um túlkun og framkvæmd norsku tryggingastofnunarinnar á almannatryggingareglugerð ESB og að nefnd hafi verið falið að rannsaka samband norsku almannatryggingalaganna og alþjóðasamninga hvað varðar samhæfingu á sviði tryggingamála. Þá var fjallað um útgöngu Bretlands úr ESB og EES og undirbúning ríkjanna í því sambandi. Sérstakur fundur var um málið í desember og útbúinn listi yfir sérfræðinga ríkjanna á sviði atvinnuleysisstrygginga og tvíhliða samninga. Fjallað var um vandamál í tengslum við greiðslur til bráðabirgða, sem er skráð í gagnagrunn yfir stjórnsýsluhindranir. Einnig var farið yfir stöðuna hvað varðar skráningu Norðurlandasamningsins í viðauka við almannatryggingareglugerð ESB og þörf á uppfærslu viðauka við framkvæmdasamninginn, undirbúning rafrænnar framkvæmdar almannatryggingareglugerðar ESB milli ríkjanna o.fl.

Norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks

Fundir ráðsins á árinu voru allir með rafrænum hætti. Í ljósi þeirra áhrifa sem COVID-19 faraldurinn hafði á aðstæður fatlaðs fólks á Norðurlöndunum var ákveðið að taka þá stöðu til umræðu á fyrsta fundi ráðsins í apríl. Í aðdraganda fundarins var ákveðið að kortleggja hvernig Norðurlöndin hafa tekist á við aðstæður m.t.t. þarfa fatlaðs fólks. Þrjú atriði voru í forgrunni, þ.e. hvaða áhrif faraldurinn hefði sérstaklega haft á fatlað fólk, áætlanir landanna um að hlífa þeim sem voru í sérstakri hættu og skoða með hve markvissum hætti upplýsingum væri komið á framfæri og hvernig unnið hefði verið með samskipti við fatlað fólk í faraldrinum. Kortlagningin leiddi ýmislegt áhugavert í ljós og verður þeim upplýsingum um áhrif faraldursins á fatlað fólk m.a. miðlað til stjórnvalda ásamt hugmyndum um hvernig hægt verði að bregðast enn betur við þeim áföllum sem faraldrar af þessu tagi geta haft í för með sér. Viðbrögð Norðurlandanna við faraldrinum eru um margt áhugaverð og í þeim má finna ýmislegt sem stjórnvöld geta horft til við gerð viðbragðsáætlana í framtíðinni. Á þessum fundi var einnig fjallað um norrænu áætlunina um málefni fatlaðs fólks og þá sérstaklega um mannréttindi í tengslum við framkvæmd Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SSRF), sjálfbæra þróun og frjálsa för fatlaðs fólks á Norðurlöndunum. Athyglisvert er að skoða þær áætlanir sem hin Norðurlöndin hafa um það að tryggja farsæla framkvæmd samningsins. Finnar vinna t.d. að gerð landsáætlunar þar sem verkefni eru skilgreind út frá greinum samningsins. Á fundi ráðsins í byrjun september var fjallað sérstaklega um skipulag þeirra málþinga sem Norræna velferðarmiðstöðin hafði áætlað að halda á öllum Norðurlöndunum fram að jólum. Sem fyrr var tengingin mjög sterk við áherslur SSRF. Málþingið sem haldið var á Íslandi undir verkstjórn félagsmálaráðuneytisins í lok september bar yfirskriftina „Active involvement of people with disabilities create better solutions for all“. Þátttakendur voru um 70 frá öllum Norðurlöndunum auk Eystrasaltsríkjanna. Á málþinginu komu fram fjölmargar áhugaverðar hugmyndir um hvernig auka megi og styrkja þátttöku fatlaðs fólks í öllu stefnumótunar- og umbótastarfi. Áfram verður unnið með þessar hugmyndir í félagsmálaráðuneytinu. Á fundi ráðsins í lok nóvember var kynnt skýrsla um stöðu fatlaðra barna og rétt þeirra til þátttöku. Fjallað var um mikilvægi þess að upplýsingar um stöðu fatlaðs fólks væru aðgengilegar, aðgengilegt atvinnulíf og hvernig hægt sé að móta samfélög þar sem þarfir fatlaðs fólks væru að fullu samþættar. Einnig var haldið sérstakt málþing um vinnumarkað framtíðarinnar og hvernig nota megi stafrænar lausnir til að veita fötluðu fólki ný tækifæri. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld fylgist með þessari þróun og taki þátt í henni eftir bestu getu.

Samningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu

Nefnd um endurskoðun samningsins um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu hefur farið ítarlega yfir tengsl samningsins við regluverk Evrópusambandsins, einkum hvað varðar mismunun á grundvelli þjóðernis. Tillögur að breytingum á samningnum hafa verið sendar embættismannanefndinni, sem ákvað 2019 að leita eftir lögfræðilegri álitsgerð um þær. Ekki hefur tekist að hefja vinnu við slíka álitsgerð á árinu. Til stendur að taka málið upp hjá embættismannanefndinni á næsta ári.

Norræna velferðarmiðstöðin

Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) sinnir margvíslegum verkefnum á sviði velferðarmála á Norðurlöndunum. Á árinu lutu helstu verkefni að málefnum fatlaðs fólks, aðlögun innflytjenda, lýðheilsuárum, velferðartækni og stefnumótun í velferðarþjónustu. Haldnir voru stafrænir fundir og gefnar út fjölmargar skýrslur á viðkomandi málefna sviðum. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu NVC; nordicwelfare.org.

Norrænt samstarf um heilbrigðisviðbúnað (Svalbarðshópur)

Meginviðfangsefni Svalbarðshópsins á árinu var gerð nýrrar vefsíðu sem áætlað var að opna á árinu, áframhaldandi vinna um gagnkvæma aðstoð vegna brunasjúklinga og vinna við viðbragðsáætlanir, en vegna heimsfaraldurs COVID-19 var allri ofangreindri vinnu frestað. Mikil samvinna var hins vegar á milli sóttvornarlækna Norðurlandanna vegna COVID-19 tengdra mála.

Norrænt samstarf um starfsréttindi heilbrigðisstétta

Í janúar var Arjeplog-samningurinn felldur úr gildi hvað varðar viðurkenningu á tilteknum heilbrigðisstéttum. Hann heldur þó áfram gildi sínu gagnvart Grænlandi og Færeyjum sem ekki eru aðilar að EES-samningnum. Einnig heldur gildi gagnkvæm upplýsingamiðlun um eftirlitsúrræði með heilbrigðisstarfsmönnum. Í janúar var einnig samþykkt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2013/55/ESB frá 20. nóvember 2013 um breytingu á tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi o.fl. Innleiðing ofangreindrar tilskipunar hefur í för með sér auknar kröfur varðandi umsýslu starfsleyfa og var embætti landlæknis veitt fjármagn sem nemur einu stöðugildi starfsmanns. Eins og áður voru tveir fundir haldnir á árinu um norrænt samstarf sem varðar starfsleyfi, að þessu sinni fjarfundir. Á fyrri fjarfundi NGH (Nordisk gruppe for helsepersonell) í maí var aðallega rætt um tilslakanir vegna COVID-19 til umsækjenda um starfsleyfi/sérfræðileyfi, einkum til þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem mikil þörf var á, s.s. hjúkrunarfræðinga, lækna og sjúkraflutningamanna. Meðal annarra umræðuefna voru erfiðleikar sem umsækjendur á Norðurlöndunum hefðu átt í við að útvega sér vottorð vegna þess ástands sem skapast hafði vegna COVID-19. Á síðari fjarfundi NGH í nóvember var m.a. rætt um evrópska fagskírteinið (e. EPC eða European Professional Card) og framkvæmd umsókna um starfsleyfi/sérfræðileyfi sem byggðar væru á því. Upplýst var að embætti landlæknis tæki ekki enn á móti slíku skírteini þar sem ákveðinni undirbúningsvinnu væri enn ólokið. Þá stóð Ísland fyrir erindi um sérfræðinám lækna hér á landi.

Norræn hagskýrslunefnd og norræn heilbrigðistölfræðinefnd, Nososko – Nomesko

Norræna hagskýrslunefndin Nososko og Norræna heilbrigðistölfræðinefndin Nomesko safna tölfræðiupplýsingum frá Norðurlöndunum um málefni er lúta að félags- og heilbrigðismálum og miðla þeim með aðgengilegum hætti. Umfangsmesta verkefni ársins var þróun og innleiðing á hugbúnaði fyrir úrvinnslu og gagnvirka framsetningu tölfræðiupplýsinga á sviði félags- og heilbrigðismála. Gagnvirk birting á vef mun auðvelda aðgengi haghafa að tölulegum upplýsingum sem nýta má til stefnumótunar auk markvissrar miðlunar á þekkingu á sviði félags- og heilbrigðismála. Til stóð að taka í notkun nýja vefsíðu Nososko og Nomesko á síðastliðnu ári en vegna COVID-19 hefur orðið seinkun á því verkefni. Til stendur að opna heimasíðuna í apríl/maí 2021.

Norrænt samstarf um lyfjamál

Vinnuhópur um lyfjamál (Working Group on Exchange of Information and Experiences in the Medicine Area - WGEMA, Nordisk arbeidsgruppe på pris- og tilskudsområdet for lægemidler) fékk endurnýjað umboð sitt á árinu frá Norrænu embættismannanefndinni um félags- og heilbrigðismál. Haldinn var tveggja daga fjarfundur í nóvember þar sem fjallað var um hvernig löndin hefðu brugðist við lyfjaskorti í COVID-19 faraldrinum. Einnig var rætt um hvernig draga mætti umhverfisþætti inn í lyfjaútboð. Þá er hafinn undirbúningur að skýrslu

um verðsamanburð lyfja milli Norðurlandanna. Í desember var haldinn fundur um netapótek og lyfjafræðilega umsjá í lyfjabúðum.

Norrænt samstarf um sjaldgæfa sjúkdóma

Embættismannanefndin um félags- og heilbrigðismál stofnaði á árinu 2016 norrænt samstarfsnet um sjaldgæfa sjúkdóma (Nordic Network on Rare Diseases, NNRD). Þar fer fram fræðsla og miðlun þekkingar um hin ýmsu verkefni á sviði sjaldgæfra sjúkdóma. Starfið hefur styrkt samstarf á milli landanna, og stofnana í löndunum sjálfum. Þetta hefur reynst fámennari löndunum mikilvægt, m.a. vegna þess að fjölmennari þjóðirnar eru almennt komnar lengra í skipulagi og mótun landsáætlana á sviði sjaldgæfra sjúkdóma. Á árinu voru landsáætlanir áfram á meðal þess sem var efst á baugi. Einnig var rætt betur um að Norðurlöndin kæmu á vandaðri skráningu á sjaldgæfum sjúkdómum, m.a. til að stuðla að samnorrænum rannsóknum og auknu samstarfi. Vegna fámennis á Íslandi koma upp fá tilvik af einstökum sjaldgæfum sjúkdómum. Góð samvinna um kortlagningu, greiningu og meðferð er því mikilvæg.

Samstarfshópur um rafræna heilbrigðisþjónustu – eHealth group

Frá árinu 2011 hefur starfað samstarfshópur um rafræna heilbrigðisþjónustu með það að markmiði að auka þekkingu á notkun upplýsingatækni á heilbrigðissviði á Norðurlöndunum. Á vegum hópans starfa tveir undirhópar. Undirhópurinn „Nordic eHealth Research Network“ (NERN) gaf út „The Nordic eHealth benchmarking; Towards evidence informed policies“ í útgáfu Tema-Nord. Heimsfaraldur COVID-19 hefur undirstrikað gildi fjarheilbrigðisþjónustu á öllum Norðurlöndunum á árinu.

Norrænt samstarf um áfengis- og vímuvarnir

Áætlað var að halda Norrænu vímuvarnaráðstefnuna samhliða Norrænu lýðheilsuráðstefnunni í júní, en henni var frestað vegna COVID-19 faraldursins. Í staðinn var haldinn stuttur netfundur um það sem efst var á baugi í hverju landi fyrir sig og þróun frá fyrra ári. Áhersla var lögð á að miðla upplýsingum um áhrif COVID-19 á notkun áfengis eða annarra vímuefna. Norræni embættismannahópurinn um áfengi (Nordiska tjänstemannagruppen på alkoholområdet) og norræni embættismannahópurinn um vímuefni (Nordiska tjänstemannagruppen för narkotikafrågor) funduðu rafrænt á árinu og var þessum fundum stýrt frá Kaupmannahöfn. Á fundinum um áfengismál var meðal annars fjallað um nýjar áskoranir og áhrif COVID-19 á áfengisdrykkju og hvort draga megi lærdóm af ástandinu. Þá var fjallað um hlutverk foreldra í forvörnum, gæðastaðla í áfengismeðferð, tengsl áfengis við krabbamein og uppfærslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar á stefnumótun í áfengismálum. Fulltrúi embættis landlæknis kynnti sérstaklega foreldrastarf í forvörnum, forvarnadaginn og foreldrasáttmálann frá Heimili og skóla. Á fundinum um önnur vímuefni var meðal annars fjallað um aðgerðir og lærdóma vegna COVID-19, dauðsföll á Norðurlöndunum vegna vímuefna og mögulegar fyrirbyggjandi aðgerðir. Þá var sérstök umræða um fund fíkniefnanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commission on Narcotic Drugs (CND)) árið 2021 og sameiginlegar tillögur Norðurlandanna um vímuvarnir og lýðheilsu á þeim fundi. Svíþjóð mun senda tillögu að hliðarviðburði þess efnis og óska eftir stuðningi annarra Norðurlanda.

Jafnréttismál og málefni hinsegin fólks

Norræna samstarfsáætlunin um jafnréttismál fyrir tímabilið 2019-2022 var samþykkt á þingi Norðurlandaráðs í nóvember 2018. Á árinu 2019 var ákveðið að útvíkka starf jafnréttisnefndarinnar þannig að hún fjalli einnig um málefni hinsegin fólks. Í kjölfar þeirrar samþykktar hófst undirbúningsvinna, í samráði við hagsmunasamtök hinsegin fólks, um kortlagningu á réttindum hinsegin fólks á Norðurlöndum. Fyrsta norræna samstarfsáætlun um málefni hinsegin fólks var samþykkt af ráðherranefnd jafnréttismála (MR-JÄM) á starfsárinu.

Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál

Haldnir voru tveir rafrænir fundir í nefndinni í stað eins hefðbundins. Fyrri fundurinn var haldinn 12. maí. Þar ræddu ráðherrarnir viðbrögð landanna í tengslum við COVID-19 út frá jafnrétti kynja og fjallað var um ólík áhrif faraldursins á konur og karla, meðal annars út frá efnahagsmálum. Á fundinum voru kynntar niðurstöður samantektarinnar „Sexually harassed at work: An overview of the research in the Nordic countries“ og var skýrsla gefin út í kjölfar fundarins. Ákveðnum málum var frestað á fundinum í maí, í þeirri von að hægt væri að hittast síðar á árinu. Sú von brást og annar rafrænn fundur var haldinn þann 5. nóvember. Á þeim fundi samþykktu ráðherrarnir fyrstu norrænu samstarfsáætlunina í málefnum hinsegin fólks sem byggist á kortlagningu á réttindum hinsegin fólks í löndunum sem gefin var út samhliða fundinum. Á fundinum var einnig gengið frá stofnun tveggja sjóða, annars í tengslum við samstarfsáætlun um málefni hinsegin fólks og hins í kjölfar yfirlitsrannsóknar um kynferðislegt og kynbundið áreitni á vinnumarkaði, sem unnin var í kjölfar alþjóðlegrar ráðstefnu um #MeToo-hreyfinguna sem skipulögð var á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2019.

Ráðstefnur og rannsóknarverkefni

Metnaðarfull dagskrá dönsku formennskunnar hófst í Færeyjum í febrúar. Þar var haldið málþing undir yfirskriftinni „Hvussu hava pápar í Norðurlöndum tað?“ Á málþinginu voru kynntar niðurstöður rannsóknarinnar „State of Nordic Fathers“. Í lok febrúar fór heimsfaraldurinn að breiðast út og viðburðum var frestað eða þeim aflýst. Danir reyndu eftir fremsta megni að halda öllum verkefnum og viðburðum gangandi en einhverja viðburði þurfti þó að fella alveg niður. Aðrir fóru fram með rafrænum hætti. Haldin var fundaröð undir yfirskriftinni „Pride-turne“ í öllum löndunum auk sjálfsstjórnarsvæðanna. Markmið fundanna var að bjóða aðgerðasignum og hagsmunasamtökum hinsegin fólks til umræðu um þær áskoranir sem þau standa frammi fyrir. Niðurstaða fundanna verður tekin saman og birt en hún á að vera grundvöllur frekara samstarfs um réttindi hinsegin fólks á Norðurlöndum. Í september var haldin ráðstefnan „The 5th International Conference on Men and Equal Opportunities: Men who care“, í samstarfi við velferðarráðherra Eistlands. Í nóvember voru kynntar niðurstöður rannsóknarinnar „The Angry Internet - A threat to gender equality?“. Niðurstöður annarra verkefna voru ekki kynntar sérstaklega en gefnar út með fréttatilkynningum og bíða kynningar á árinu 2021. Þar má nefna „Livsvillkor í Nordens rurala omráden ur ett genusperspektiv“ unnin í samstarfi við Nordregio og „Genusperspektiv på regionala utmaningar, regionalpolitik och demografisk utveckling i en nordisk kontext: en kunskapsöversikt“.

Norrænt upplýsingasetur um kynjafræði, NIKK

Norræna upplýsingasetrið um kynjafræði, NIKK (Nordisk information för kunskap om kön), er rekið af Norrænu ráðherranefndinni og er hlutverk þess að annast verkefni og

rannsóknir sem nefndin felur henni og kynna niðurstöður þeirra innan aðildarríkjanna. Upplýsingasetrið annast einnig umsýslu sjóða nefndarinnar. Upplýsingar um reglur og áherslur við úthlutunir úr sjóðum Norrænu ráðherranefndarinnar auk niðurstöður rannsókna má nálgast á vefsíðu NIKK.

Vinumál

Norrænt samstarf í vinnumálum

Undir norrænu ráðherranefndina um vinnumál heyra, auk embættismannanefndarinnar, þrjár nefndir; nefnd um vinnumarkað, nefnd um vinnurétt og nefnd um vinnuvernd. Á vegum samstarfsins er gefið út vefritið *Arbetsliv i Norden*.

Ráðherranefnd um vinnumál

Vinumálaráðherrar Norðurlandanna hittust föstudaginn 12. júní á sérstökum fjarfundi í boði dönsku formennskunnar. Meginviðfangsefni þeirra á fundinum var að bera saman bækur sínar um stöðu vinnumarkaðarins og helstu aðgerðir landanna í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins. Einnig voru ræddar tillögur framkvæmdastjórnar ESB um lágmarkslaun. Aðilar vinnumarkaðarins tóku einnig þátt í þessum fjarfundi.

Á fáeinum mánuðum breyttist traustur norrænn vinnumarkaður í vinnumarkað þar sem tugþúsundum var sagt upp og ljóst var að ríkisstjórnir landanna þyrftu að koma til móts við fyrirtæki og einstaklinga sem af völdum sóttvarnaráðstafana urðu að draga saman seglin eða loka starfsemi sinni alveg. Fyrir fundinn var tekið saman yfirlit yfir helstu aðgerðir og úrræði sem löndin höfðu innleitt til að mæta áskorunum á vinnumarkaði vegna COVID-19.

Ráðherrarnir ræddu helstu áskoranir á þessum tímavarki og lögðu sérstaka áherslu á aðgerðir í menntamálum og uppbyggilegt samstarf við aðila vinnumarkaðarins. Lögð var áhersla á mikilvægi norræns samstarfs um miðlun upplýsinga um gagnleg úrræði og nauðsynlega greiningu á stöðu mála. Fram kom að unnið væri að sameiginlegri greiningu á því hvaða atvinnugreinar og hópar fólks hafi orðið harðast úti vegna gjaldþrota og uppsagna og hversu gagnlegir aðgerðapakkarnir hafi reynst. Í greiningunni er lögð sérstök áhersla á að skoða hvort kreppan hafi bitnað með ólíkum hætti á konum og körlum, tilteknum aldurshópum eða fólki með minni menntun eða af erlendum uppruna. Niðurstöður greiningarinnar sem unnin er af Teknologisk Institut í Danmörku eru væntanlegar í febrúar 2021 og er ráðgert að halda áfram með slíka rannsókn á því sama ári þar sem áhrif faraldursins og viðbrögð við honum verða greind enn frekar.

Á fundinum kom fram að ráðherrarnir leggist gegn tillögum framkvæmdastjórnar ESB um lágmarkslaun. Ráðherrarnir lögðu áherslu á að laun í löndunum væru ákvörðuð með kjarasamningum sem væri undirstaða norræna vinnumarkaðslíkansins. Kynnt voru drög að bréfi til framkvæmdastjórnar ESB sem Danir og Svíar höfðu unnið sameiginlega um norrænar áherslur í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins við gerð kjarasamninga. Samstaða var um að koma þessu erindi á framfæri við framkvæmdastjórn ESB.

Vinumarkaðsnefndin

Á vegum vinnumarkaðsnefndarinnar er vert að nefna þrjú stór verkefni sem komu til framkvæmda á árinu en ekki er að vænta lokaniðurstöðu úr þeim fyrr en á árinu 2021.

Fyrst bera að nefna hið umfangsmikla norræna rannsóknarverkefni um framtíð vinnunnar, en lokaráðstefna um það var haldin með rafrænum hætti þann 26. nóvember. Lokaskýrsla þessa umfangsmikla verkefnis, sem Fafó rannsóknarstofnun í Noregi hefur haft undir höndum, er væntanleg í mars 2021. Helstu niðurstöður eru þær að stafræn þróun hefur ekki fækkað störfum eða dregið úr fjölgun starfa á vinnumarkaði. Í stórum dráttum hafa störf í þjónustu komið í stað starfa í framleiðslu og hafa konur fremur en karlar notið góðs af þeirri þróun.

Norræna velferðarmiðstöðin er með stuðningi nefndarinnar að kortleggja tækifæri og möguleika fólks með skerta starfsgetu í ljósi breytinga á vinnumarkaði. Þar er sérstaklega horft til þess að hægt sé að skapa sjálfbæran og aðlögunarhæfan vinnumarkað fyrir alla. Niðurstöður áttu að liggja fyrir kringum áramótin 2020-2021 en vegna COVID-19 faraldursins verður ekki hægt að ljúka verkefninu fyrr en um mitt ár 2021.

Að lokum ber að nefna verkefni sem lýtur að því með hvaða hætti Norðurlöndin geta tekið næsta skref í því að samþætta vinnumarkaði og vinnumiðlun milli landa. Því verkefni lauk í nóvember og voru helstu niðurstöður þær að Norðurlöndin gætu gert mikið betur í því að nýta mismunandi eftirspurn eftir færni í vinnumiðlun milli landa. Í skýrslunni eru settar fram sex tillögur að næstu skrefum í samstarfi þjóðanna og lúta þær að þáttum eins og samnorrænum gagnabanka sem hefði að geyma upplýsingar um laus störf á mismunandi stöðum og framboð af færni í hverju landi.

Þá komu út á árinu aðrar norrænar skýrslur á borð við rannsókn á áhrifum staðalímynda á menntaval í tækni- og iðngreinum og úttekt í samstarfi við norræna jafnréttissamstarfið um kynferðislegt áreiti á vinnustöðum.

Vinnuverndarnefndin

Í samræmi við samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árin 2018-2021 eru áherslusvið vinnuverndarnefndarinnar:

Efling góðs vinnuumhverfis bæði fyrir konur og karla, m.a. með því að koma í veg fyrir vinnutengda sjúkdóma og slys og útrýma óviðunandi vinnuaðstæðum.

Trygging góðs jafnvægis milli starfsmannaverndar og sveigjanleika auk þess að standa vörð um norræna vinnumarkaðslíkanið.

Vinnuverndarnefndin hélt þrjá fjarfundi á árinu. Mikil óvissa ríkti allt árið um hvaða starf og viðburði væri hægt að framkvæma og hafði faraldurinn töluverð áhrif á störf nefndarinnar.

Síðla árs auglýsti vinnuumhverfisnefndin styrki fyrir starfsárið 2021 til norrænna verkefna sem taka mið af gildandi samstarfsáætlun.

Samkvæmt venju hefur vinnuverndarnefndin auglýst árlega styrki að vorlagi og úthlutun þeirra farið fram að hausti fyrir næstkomandi ár. Að þessu sinni varð frestun á auglýsingu vegna COVID-19. Því var engum styrkjum úthlutað á árinu en úthlutun ársins færist til febrúar/mars 2021.

Norrænu vinnueftirlitsráðstefnunni 2020, sem halda átti í Danmörku með styrk frá vinnuverndarnefndinni, var einnig frestað vegna COVID-19 en nú er ráðgert að hún verði haldin í september 2021 í Kaupmannahöfn. Yfirskrift ráðstefnunnar verður „Det fremtidssparate arbejdstilsyn“ og verður lögð áhersla á hvernig norrænar vinnueftirlitsstofnanir geti sem best sinnt hlutverki sínu í ljósi þeirra breytinga sem eru að verða á vinnumarkaði. Á ráðstefnunni verður m.a. höfð hliðsjón af norrænu skýrslunni „Work today and in the future - Perspectives on Occupational Safety and Health challenges and opportunities for the Nordic labour inspectorates“ sem kom út í september.

Á formennskuári Íslands í norrænu samstarfi 2019 lagði Ísland áherslu á vinnuvernd í menntakerfinu. Í tengslum við það veitti Norræna embættismannanefndin (EK-A) sérstökum

fjármunum (200.000 DKK) til þess að hægt væri að koma á fót verkefni varðandi kennslu í vinnuvernd í skólum á Norðurlöndunum. Norræna vinnuverndarnefndin hefur ákveðið að áhersla verði lögð á að útbúa kennsluefni í vinnuvernd sem hægt verði að nota í efstu bekkjum grunnskóla í löndunum (13-16 ára). Í árslok var skipaður stýrihópur til þess að skilgreina verkefnið frekar, umfang, innihald og framkvæmd þess, og hefur stýrihópurinn þegar hafið störf undir stjórn Íslands.

Starfsemi Norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA) var mjög frábrugðin fyrri árum og engin staðbundin námskeið voru haldin. Þess í stað var haldið eitt fjarnámskeið og átta „Webinars“ eða fjarfyrirlestrar með rúmlega 700 þátttakendum. Þessi nýbreytni gafst vel og verður metin með tilliti til áframhaldandi þróunar námskeiðahalds og funda. Gert er ráð fyrir að staðbundin námskeið hefist að nýju þegar COVID-19 faraldurinn hefur gengið yfir. Áhersla er lögð á að námskeiðin nýtist sérfræðingum og varðandi sérfræðingum á sviði vinnuverndar.

Vinnuréttarnefndin

Einungis einn fjarfundur var haldinn á árinu, þann 2. nóvember. Á fundinum var meðal annars farið yfir stöðuna á vinnumarkaði hvers ríkis fyrir sig, svo sem hvað varðar atvinnuþátttöku og skráð atvinnuleysi, og þá þróun sem hefur átt sér stað. Í því sambandi var meðal annars rætt um ELA (The European Labour Authority), sem er ný stofnun Evrópusambandsins, og fyrirhugaða tilskipun ESB um lágmarkslaun.

Einnig var fjallað um löggjöf ríkjanna á sviði vinnuréttar, svo sem nýlegar lagabreytingar og frumvörp sem ríkin eru að vinna að, en í sumum tilvikum er um að ræða frumvörp í tengslum við innleiðingu ríkjanna á efni tilskipana Evrópusambandsins sem tengjast vinnurétti. Í því sambandi ber þó að nefna að Íslandi og Noregi ber einungis að innleiða þær sameiginlegu reglur sem fram koma í tilskipunum Evrópusambandsins sem felldar hafa verið undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið þar sem ríkin hafa ekki gerst aðilar að Evrópusambandinu.

Í ljósi aðstæðna voru í brennidepli aðgerðir sem ríkin hafa framkvæmt í ljósi erfiðrar stöðu á vinnumarkaði og hvernig gengið hefur að takast á við þær vinnumarkaðstengdu áskoranir sem skapast hafa í kjölfar heimsfaraldursins.

Löggjafarsamstarf

Haldnir voru þrjú embættismannafundir eins og venjulega. Fyrsti fundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn í febrúar en næstu tveir voru fjarfundir sem haldnir voru í maí og október. Vegna ástandsins var ekki haldinn ráðherrafundur. Þá var öllum formennskuverkefnum Dana frestað en ætlunin hafði verið að halda vinnustofu um baráttuna við skipulagða glæpastarfsemi yfir landamæri, hryðjuverkaógnina og ráðstefnu um afplánun refsinga í heimalandi. Áfram var unnið að ýmsum verkefnum á vegum EK-JUST embættismannanefndarinnar. Má þar nefna skýrslu um stafræn réttarríki þar sem leitast er við að finna sameiginleg rannsóknar- og stuðningsverkefni þar sem norrænu ríkin geta lagt sitt af mörkum til að stuðla að stafrænni þróun í samfélögum sem byggist á norrænum gildum um lýðræði, mannréttindi, réttarríkið og trausti milli íbúa og yfirvalda. Annað verkefni er handbók um varnir gegn kynferðislegu áreiti þar sem safnað er saman þeim aðferðum sem best hafa gefist á Norðurlöndunum um viðbrögð gegn kynferðislegu áreiti á vinnustöðum. Loks má nefna kortlagningu á stafrænni

málsmeðferð í dómstólum. Þar er um mjög stórt og viðamikið verkefni að ræða þar sem tekið er til skoðunar hvernig staðið er að stafrænni málsmeðferð dómsmála hjá norrænum og baltneskum dómstólum. Er þar sérstaklega lítið til þess hvernig réttarfarslög styðja við slíka málsmeðferð sem og hvaða tækni hefur orðið fyrir valinu á hverjum stað. Um er að ræða áhugavert og mikilvægt verkefni sem nýtast mun við þá stafrænu vegferð sem norrænu og baltnesku ríkin feta sig við meðferð dómsmála. Þar eru ríkin mislangt komin og geta lært hvert af öðru. Sú kortlagning sem gerð er í þessu verkefni er mikilvægur grunnur undir frekari framfarir á þessu sviði.

Efnahags- og fjármál

MR/EK-Finans

Norrænt samstarf á sviði ríkisfjármála og efnahagsmála var með hefðbundnum hætti á árinu þrátt fyrir kórónuveirufaraldurinn. Fundir og fyrirlestrar hjá embættismannanefndinni voru rafrænir, að undarteknum fyrsta fundi ársins. Efnahags- og fjármálaráðherrar Norðurlandanna hittust á rafrænum fundi í október en megintilgangur árlegra funda ráðherranna er að gefa þeim tækifæri til þess að ræða saman um málefni sem efst eru á baugi hverju sinni. Að þessu sinni snerist umræðan einkum um það hvernig tryggja megi að Norðurlöndin komist á sem farsælastan hátt út úr þeim vanda sem leiðir af heimsfaraldri kórónuveirunnar. Þeir ræddu meðal annars um leiðir til þess að koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar faraldursins á atvinnulífið og um aðgerðir til að örva hagkerfið í löndunum. Jafnframt var rætt um mikilvægi þess að finna grænar og sjálfbærar lausnir til framtíðar. Þá var einnig rætt um stafræna hagkerfið og þær áskoranir sem koma til af skattlagningu yfir landamæri.

Embættisnefndin hefur fjármagnað verkefni sem fjallar um langtíma sjálfbærni opinberra fjármála. Lokaafurð þessa verkefnis er skýrsla prófessors Lars Calmfors, „Fiscal Frameworks and Fiscal Sustainability in the Nordics“, sem kom út á vormánuðum. Verkefnið samanstendur að hluta af samanburðarrannsókn á uppbyggingu opinberra fjármála norrænu þjóðanna og notkun fjármálaeigna og að hluta af könnun á því hvernig einstök Norðurlönd nota spár og áætlanir við gerð áætlana um sjálfbærni í opinberum fjármálum.

Þá stendur nefndin fyrir útgáfu á vefúmaritinu Nordic Economic Policy Review. Rit ársins 2020 fjallar um „Financial Regulation and Macroeconomic Stability in the Nordics“, en þar er fjallað um hvernig hinar nýju fjármálaeignir landanna virka og að hvað miklu leyti þær muni ná að stuðla að þjóðhagslegum stöðuleika.

Fylgiskjal I

Uppbygging norræns samstarfs

Norræna ráðherranefndin samanstendur af ellefu fagráðherranefndum auk tímabundinnar ráðherranefndar um stafræn málefni. Samstarfsráðherrar Norðurlanda sjá um samræmingu á norræna ríkisstjórnarsamstarfinu í umboði norrænna forsætisráðherra. Með ráðherranefndunum starfa embættismannanefndir og eftir atvikum starfa á þeirra vegum vinnuhópar og sérfræðinganefndir. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar, sem er í Kaupmannahöfn, styður við starfið með sérfræðiaðstoð og undirbúningi funda. Innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar eru starfræktar norrænar stofnanir, sjá lista hér að neðan.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM)

Sigurður Ingi Jóhannsson, samstarfsráðherra
Norræna samstarfsnefndin (NSK)

Ráðherranefnd um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)

Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Embættismannanefnd um fiskveiðar og fiskeldi (EK-FJLS/Fiskeri og havbrug)
Embættismannanefnd um landbúnað (EK-FJLS/Jordbrug)
Embættismannanefnd um matvæli (EK-FJLS/Levnedsmidler)
Embættismannanefnd um skógrækt (EK-FJLS/Skovbrug)
Norræna erfðaauðlindastofnunin (NordGen)

Ráðherranefnd um sjálfbæran hagvöxt (MR-VÆKST)

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra (atvinnu- og orkustefna)
Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra (byggðastefna)
Embættismannanefnd um atvinnustefnu (EK-N)
Embættismannanefnd um orkustefnu (EK-E)
Embættismannanefnd um byggðastefnu (EK-R)
Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordisk Innovation)
Norrænar orkurannsóknir (NEF)
Norræn rannsóknarstofnun á sviði byggða- og skipulagsmála (Nordregio)
Norræna Atlantssamstarfið (NORA)

Ráðherranefnd um umhverfis- og loftslagsmál (MR-MK)

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra
Embættismannanefnd um umhverfis- og loftslagsmál (EK-MK)

Ráðherranefnd um menntamál og rannsóknir (MR-U)

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra
Embættismannanefnd um menntamál og rannsóknir (EK-U)
Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)

Uppbygging norræns samstarfs (frh.)

Ráðherranefnd um menningarmál (MR-K)

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra
 Embættismannanefnd um menningarmál (EK-K)
 Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)
 Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)
 Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH)
 Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ)
 Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)
 Norræna menningargáttin (Kulturkontakt Nord)

Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S)

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra (félagsmál)
 Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra (heilbrigðismál)
 Embættismannanefnd um félags- og heilbrigðismál (EK-S)
 Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)

Ráðherranefnd um jafnréttismál (MR-JÄM)

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra
 Embættismannanefnd um jafnréttismál (EK-JÄM)

Ráðherranefnd um vinnumál (MR-A)

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra
 Embættismannanefnd um vinnumarkað og vinnuumhverfi (EK-A)
 Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA)

Ráðherranefnd um löggjafarsamstarf (MR-JUST)

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra
 Embættismannanefnd um löggjafarsamstarf (EK-JUST)

Ráðherranefnd um efnahags- og fjármálastefnu (MR-FINANS)

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
 Embættismannanefnd um efnahags- og fjármálastefnu (EK-FINANS)

Tímabundin ráðherranefnd um stafræna væðingu (MR-DIGITAL)

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
 Embættismannanefnd um stafræna væðingu (HNG-DIGITAL)

Fylgiskjal II

Skammstafanir

NEFCO	Nordic Environment Finance Corporation – Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NIKK	Nordisk information for kundskab om køn – Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjafræði
NIVA	Nordisk institution for videreuddannelse indenfor arbejdsmiljøområdet – Norræn stofnun um framhaldsmenntun í vinnuvernd
NMR	Nordisk Ministerråd – Norræna ráðherranefndin
NOMESKO	Nordisk medicinalstatistikkomité – Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur
NORA	Nordisk Atlantsamarbejde – Norræna Atlantssamstarfið
NordBio	Nordisk bioökonomi – Norræna lífhagkerfið
NORDBUK	Nordisk Børne- og Ungdomskomité – Norræn barna- og ungmennanefnd
NordForsk	NordForsk – Norræna rannsóknarráðið
NordGen	Nordiskt Genresurscenter – Norræna erfðaauðlindastofnunin
Nordisk Innovation	Norræna nýsköpunarmiðstöðin
Nordplus	Nordisk mobilitets- og netværksprogram for uddannelsesområdet – Norræn menntaáætlun fyrir nemendaskipti og tengslanet
Nordregio	Norræn rannsóknarstofnun á sviði byggða- og skipulagsmála
NOSOSKO	Nordisk socialstatistikkomité – Norræna hagskýrslunefndin
NVC	Nordens Velfærdscenter – Norræna velferðarmiðstöðin
SNS	SamNordisk Skogsforskning – Norrænar skógræktarrannsóknir